



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA™**

## **Landssambandsþing haldið 4.maí 2019**

### **Lífsins vegur-leiðsögn og nám**

Skýrslur deilda

Skýrslur fastanefnda

Skýrslur frá konum sem starfa fyrir okkar hönd í erlendum nefndum

Skýrsla Evrópuforseta.

## Efnisyfirlit

Skýrslur deilda .....	3
Alfadeild.....	3
Betadeild .....	6
Gammadeild .....	9
Deltadeild .....	14
Epsilondeild .....	16
Zetadeild.....	18
Etadeild.....	20
Þetadeild.....	24
Iotadeild.....	27
Kappadeild.....	30
Lambdadeild .....	36
Mýdeild.....	39
Nýdeild .....	43
Skýrslur fastanefnda .....	44
Samskipta- og útgáfunefnd .....	44
Félaga- og útbreiðslunefnd .....	45
Laganefnd .....	46
Menntamálanefnd.....	47
Uppstillingarnefnd.....	48
Námsstyrkjaneftnd .....	49
Skýrslur frá konum sem starfa fyrir okkar hönd í erlendum nefndum starfsárin 2018 - 2020 .....	51
Editorial Board.....	51
Golden Gift Committee .....	52
Nomination Committee.....	53
International Speakers Found .....	54
European Forum.....	55
Skýrsla Evrópuforseta.....	56

## Skýrslur deilda

Deildir Landssambandsins eru 13.



### Alfadeild

#### **Skýrsla 2017-2018**

Tvær félagskonur létust á árinu, þær Áslaug Brynjólfsdóttir í janúar og Þuríður Kristjánsdóttir í apríl. Alfadeildin þakkar þeim samfylgdina og saknar þessara áhrifamiklu og frábæru félagskvenna.

Áætlun fyrir vetrarstarfið var send til félagskvenna að hausti og gekk áætlunin eftir með sáralitlum breytingum.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í Veröld Húsi Vigdísar 4. október 2017 kl. 16. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, formaður setti fundinn og Ásta Valdimarsdóttir kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Síðan var nafnakall og fundargerð síðasta félagsfundar, frá 6. apríl 2017, lesin. Elsa Petersen var með Orð til umhugsunar. Fjallaði hún um framlag Vigdísar Finnbogadóttur til byggingar Veraldar og talaði um mikilvægi tungumálakennslu.

Ragnhildur Guðjónsdóttir gjaldkeri kynnti reikninga deildarinnar. Engar athugasemdir voru gerðar. Formaður afhenti Vigdísí blómvönd og óskaði henni til hamingju með Veröld.

Tilkynnt var að næsti landsambandsfundur yrði á Egilsstöðum 5. maí nk. Mögulegt væri að fljúga austur að morgni og til baka að kvöldi. Einnig var sagt frá Evrópuráðstefnunni sem verður haldin á Íslandi 2019 og Alþjóðaráðstefnu á næsta ári í Texas.

Formaður minnti á félagskonur á félagsgjöldin og bað um að þau yrði greidd sem fyrst því deildin þyrfti að borga til landssambandsins 10. nóvember.

Valgerður kynningarstjóri Veraldar sagði frá húsinu og fór með hópinn í skoðunarferð. Vigdís sýndi skrifstofuna sína sem er staðsett á efstu hæð hússins. Húsið er ákaflega falleg hönnun og býður upp á marga möguleika. Þar er m.a. til húsa tungumálakennsla Háskóla Íslands.

Annar fundur vetrarins var haldinn 7. nóvember 2017 kl. 17 í Menntamálastofnun. Arnór Guðmundsson forstjóri og Hafdís G. Hilmarsdóttir sérfræðingur tóku á móti hópnum.

Formaður setti fundinn. Kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Síðan var nafnakall og síðasta fundargerð lesin. Formaður minnti á félagsgjöldin en rúmur helmingur félagskvenna höfðu greitt gjaldið. Nefndar voru 2 konur sem væntanlegar félagskonur. Formaður mun senda félagskonum í tölvupósti upplýsingar um þessar konur með ósk um að þeim verði boðið að taka þátt í starfi Alfadeildar.

Guðríður var með orð til umhugsunar. Hún fjallaði um lestur barna og vísindagreinar varðandi lestrarhæfileika, hún vitnaði einkum til Marianne Wolf, bandarískrar vísindakonu, sem hefur rannsakað heilastarfsemi í tengslum við lestur. Guðríður lagði áherslu á að börn læsu bækur og að það væri lesið fyrir þau.

Arnór hélt fræðsluerindi um starfsemi Menntamálastofnunar, sem varð til við sameiningu Námsgagnastofnunar og Námsmatsstofnunar. Stofnunin fær einnig ýmis verkefni frá menntamálaráðuneytinu. Menntamálastofnun er nú 2ja ára og með um 60 starfsmenn. Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir var með erindi um lestrarverkefnið, en hún er starfmaður í því. Hún greindi m.a. frá lesskilningsprófum sem lögð eru fyrir börn þrisvar á ári til að fylgjast með því hvernig þau tileinka sér læsi. Þetta er gert til að kennarar geti aðlagð kennsluna með viðeigandi hætti á hverjum tíma. Fram kom á fundinum að kennarar hafa verið mjög ánægðir með þessi próf í skólum tveggja félagskvenna, sem sóttu fundinn. Fundurinn var í alla staði mjög áhugaverður. Jólafundurinn var haldinn í salnum Eiðismýri 30 þriðjudaginn 5. desember. Formaður setti fundinn og bauð félagskonur velkomnar. Guðríður kveikti á kertum. Elsa gerði nafnakall og las fundargerð síðasta fundar. Ásta Valdimarsdóttir stjórnaði fjöldasöng. Jóga Gnarr las upp úr bókinni 1000 kossar eftir Jón Gnarr, en bókinn fjallar um hana sjálfa. Dregið var í happdrætti. Góður matur var á borð borinn og nutu félagskonur þess að spjalla saman og borða mat sem framleiddur var af Veisluþjónustunni á Seltjarnarnesi.

Þann 1. febrúar var haldinn inntökufundur á Bakkastöðum 119. Formaður setti fundinn og fór yfir dagskrána. Kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Síðan var nafnakall og síðasta fundargerð lesin.

Þá hófst innsetning fjögurra nýrra félagskvenna, Fjólu Maríu Lárusdóttur, Málfríðar Þórarinsdóttur, Sigrúnar Erlu Hákonardóttur og Svandísar Ingimundardóttur.

Innsetningarathöfnin var með hefðbundnum hætti Delta Kappa Gamma félagsskaparins. Formaður bauð nýliðana innilega velkomnar til starfa í Alfadeild Delta Kappa Gamma og undir það tóku viðstaddar félagskonur.

Eftir innsetninguna minntist Ingibjörg Elsa nýlátinnar félagskonu, Áslaugar Brynjólfssdóttur. Fundarkonur risu úr sætum og vottuðu Áslaugu virðingu með þögn.

Uppstillingarnefnd fyrir næstu stjórn Alfadeildar hefur verið valin. Þær Steinunn Ármannsdóttir, Erna Jessen og Fanný Gunnarsdóttir tóku verkefnið að sér. Ný stjórn verður kosin á aðalfundi 3. maí n.k.

Formaður talaði um vef DKG og lykilorðið. Eins minntist hún á Þekkingarhnappinn og hvatti félagskonur til að setja inn á hnappinn (vefinn) upplýsingar um efni sem þær væru með til að flytja á fundum.

Hver og ein viðstaddra kynnti sig og gerði grein fyrir námi og störfum sínum og sköpuðust skemmtilegar umræður um kynningar félagskvenna.

Fimmti fundur Alfadeildar var haldinn 7. mars 2018 hjá VIRK, Guðrúnartúni 1. Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK og Auður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri mannauðsmála tóku á móti hópnum.

Ingibjörg Elsa, formaður, setti fundinn. Kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Nafnakall og fundargerð síðasta félagsfundar lesin.

Vigdís hélt erindi um starfsemi VIRK sem er mjög merk stofnun sem heildarsamtök vinnumarkaðarins og ríkisvaldið stofnuðu til að tryggja öllum starfsendurhæfingu og stuðla að

aukinni virkni vinnumarkaðarins. VIRK hefur náð miklum árangri í endurhæfingarþjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu til að auka þátttöku þeirra á vinnumarkaði.

Auður leiddi hópinn um vinnustaðinn og skýrði um leið frá ýmsum þáttum starfsins.

Síðan minnti formaður félagskonur á vorþingið á Egilsstöðum og sagði að það væri stefnt að því að amk 3-4 félagar mættu úr hverri deild. Eins greindi hún frá uppástungu uppstillinganefndar um þrjár konur í stjórn Alfadeildar 2018-2020 þær Kristínu Jóhannesdóttur, Hafdís Bára Kristmundsdóttur og Hrund Logadóttur. Enn vantar eina konu í stjórn og varpaði formaður spurningu til viðstaddra félagskvenna hvort einhver vildi gefa kost á sér, en svo var ekki. Glæsilegar veitingar voru í boði VIRK.

Aðalfundur Alfadeildar DKG haldinn 3. maí 2018 að Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi kl. 17. 15 félagskonur mættu.

Formaðurinn Ingibjörg Elsa setti fundinn, Guðríður kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Elsa var með nafnakall og las fundargerð síðasta fundar sem var 7. mars sl.

Síðan hófust hefðbundin aðalfundarstörf.

Formaður las skýrslu stjórnar. Hún fór m.a. yfir starfsferla félagskvenna og ræddi um fjölgun í deildinni. Æskilegt er að fjölga yngri félögum.

Ragnhildur Guðjónsdóttir, gjaldkeri, fór yfir reikninga deildarinnar, sem voru samþykktir athugasemdalaust. Stjórn hafði tekist að efla sjóðsstöðuna um 30% á tímabilinu.

Formaður kom með uppástungu um óbreytt félagsgjöld, kr. 12.000 og var það samþykkt.

Þá var gengið til kosninga á nýrri stjórn Alfadeildar. Steinunn Ármannsdóttir formaður uppstillingarnefndar las upp tillögu nefndarinnar um nýja stjórn.

Kristín Jóhannesdóttir, formaður, Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Hrund Logadóttir, Erna Jessen og Steinunn Ármannsdóttir.

Þær voru samþykktar af öllum öðrum fundarkonum með handauppréttingu og lófaklappi.

Kristín Jóhannesdóttir nýkjörin formaður þakkaði traustið og einnig þakkaði hún fráfarandi stjórn fyrir störf hennar og afhenti fráfarandi stjórnarkonum rauðar rósir. Undir liðnum önnur mál minnti formaður á Vorþingið á Egilsstöðum 5. maí og kom fram að 4 félagskonur ætluðu að sækja þingið. Eins minnti hún á Evrópuþingið sem verður haldinn í Reykjavík 25-26. júlí 2019 og að enn vantaði konur í hinar ýmsu undirbúningsnefndir og hvatti til þátttöku.

Kristín Jóhannesdóttir var með ORÐ TIL UMHUGSUNAR sem voru innihaldsrík og skemmtileg. En hún lagði út af Kanadagæsinni sem hefur viðkomu á Íslandi á leið til varpstöðva sinna.

### **Skýrsla stjórnar 2018-2019**

Í stjórn Alfadeildar eru: Kristín Jóhannesdóttir formaður, Steinunn Ármannsdóttir varaformaður, Erna Jessen ritari, Hrund Logadóttir meðstjórnandi, Hafdís Bára Kristmundsdóttir meðstjórnandi og Árný Inga Pálsdóttir gjaldkeri.

Haldnir voru fimm stjórnarfundir. Á fyrsta fundi voru sett fram drög að dagskrá starfsársins.

Í október kynnti Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála á skóla-og frístundasviði menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“. Fundað var í Austurbæjarskóla.

Í nóvember greindi Einar K. Guðfinnsson formaður nefndar um 100 ára afmæli fullveldisins frá dagskrá ársins og útgáfu í tilefni fullveldisafmælisins. Fanný Gunnarsdóttir flutti orð til umhugsunar. Fundað var í Kerhólum Borgartúni 12.

Jólafundur var haldinn á Lækjarbrekku í desember. Snæddur var hádegisverður, Margrét Blöndal kom og las upp úr nýútkominni jólabók sinni. Þá flutti formaður orð til umhugsunar auk þess sem dregið var í happdrætti.

Í janúar flutti Eiríkur Rögnvaldsson prófessor emeritus erindi um stöðu og framtíð íslenskunnar. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir fyrrverandi formaður flutti orð til umhugsunar. Fundað var í Austurbæjarskóla.

Í febrúar bauð Alfadeild konum í Kappa og Gammadeild að sitja fund Alfadeildar í Kerhólum Borgartúni 12 þar sem Lilja Alfreðsdóttir ráðherra mennta-og menningarmála gerði grein fyrir helstu áherslum núverandi ríkisstjórnar í menntamálum.

Á marsfundi Alfadeildar kynntu deildarkonur sér talkennslu sem veitt er af Tröppu. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir greindi frá starfsemi Tröppu og Köru og þeirri nýsköpunarvinnu sem fyrirtækið hefur staðið fyrir m.a. á sviði talkennslu. Fundurinn var haldinn í húsnæði Tröppu Aðalstræti 12. Fyrir fundinn hittust deildarkonur á kaffihúsi.

Lokafundur ársins er svo í byrjun júní en þá mun María Sólveig Héðinsdóttir segja frá þeirri reynslu sem hún upplifði á ferð sinni í grunnbúðir Mount Everest. Erna Jessen flytur orð til umhugsunar.



## Betadeild

Þessi tvö starfsár í Betadeild hafa verið skemmtileg, fræðandi og gefandi. Þema fyrra árs var Innri auður og seinna ársins Nærandi samfélag. Reynt er að skipuleggja fundina með þessi þemu í huga og þegar litið er yfir starfið þessi tvö starfsár má segja að það hafi tekist ágætlega. Starfsárið 2017-2018 hófst með því að Betakonur héldu upp á 40 ára afmæli deildarinnar sem var stofnuð þann 2. júní 1977. Fundurinn var haldinn í Skjaldarvík og mættu 24 konur til hátíðarinnar. Deildin bauð til dögurðar fyrir fyrsta fund starfsársins. Konur voru boðnar velkomnar með fordrykk og skálað var fyrir afmælisbarninu áður en sest var að borðum. Aníta formaður hélt hátíðarræðu þar sem hún rakti sögu deildarinnar og tilkynnti að heiðursviðurkenning sem hefð er fyrir að Betadeild veiti á afmælisári yrði veitt Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur. Sigrún er fimmta konan sem Betadeild heiðrar fyrir margvíslegt frumkvöðlastarf sem snýr að velferð barna og ungmenna og óeigingjarnt framlag til samfélagsins á margvíslegan hátt.

Þann 5. október, á alþjóðadegi kennara, héldu Beta- og Mýdeildir samræðuþing þar sem rætt var um líðan og starfsánægju kennara. Samræðuþingið var haldið að Borgum við HA, boðið var upp á veitingar og Sigrún V. Heimisdóttir, sálfræðingur flutti erindi í upphafi þings. Eftir innlegg Sigrúnar fóru fram umræður í hópum þar sem ákveðnar spurningar voru ræddar. Niðurstöður úr þeim umræðum voru sendar til Fræðslusviðs Akureyrarbæjar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Almenn ánægja var með þingið, skipulagið þótti gott og þátttakendur nefndu hve gott það væri að fá vettvang þar sem fulltrúar frá öllum skólastigum gætu rætt saman um málefni sem brenna á kennurum.

Annar fundur Betadeildar var haldinn í Félagsborg á Hrafnagili 10. október sem er alþjóðadagur geðheilbrigðis og var því við hæfi að orð til umhugsunar sem Sigríður Magnúsdóttir flutti tengdust því efni. Að fundi loknum var tekið á mótí heiðursgestinum Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur sem deildin veitti heiðursviðurkenningu.

Á nóvemberfundi deildarinnar flutti Ingibjörg Auðunsdóttir orð til umhugsunar. Hún sagði frá ferð sinni um Jakobsveginn sem hún fór í tveimur áföngum ásamt vinkonu sinni; gangandi haustið 2016 og hjólandi vorið 2017. Hún deildi myndum, minningum og hugleiðingum ferðarinnar og hvatti konur til þess að gera eitthvað þessu líkt ef hugurinn stæði til þess. Eygló sagði frá umgjörð og skipulagi Evrópuþingsins í Tallin í Eistlandi sem var 10. Evrópuþing DKG. Í þetta sinn voru 13 konur frá Íslandi sem sóttu þingið og voru sex þeirra með erindi á dagskránni, þar af voru þrjár Betakonur; Halldóra Haraldsdóttir, María Steingrimsdóttir og Eygló Björnsdóttir.

Sameiginlegur jólafundur Beta- og Mýdeildar, var haldinn að Brúnum í Eyjafjarðarsveit. Jóna Benediktsdóttir landssambandsforseti DKG kom og ávarpaði fundinn. Hún minnti á markmið DKG en þau hverfast um það hvernig við getum hjálpað hver annari til áhrifa og stutt menntamál. Hún lagði áherslu á að konur stæðu saman og styddu hver aðra. Rósa Kristín Júlíusdóttir úr Betadeild sagði frá sínum fyrstu jólum á Ítalíu en hún dvaldi í Perugia jólin 1968. Konur nutu svo kvöldsins, snæddu góðan mat og spjölluðu saman.

Janúarfundur Betadeildar var helgaður bókaumræðu. Að venju voru umræðurnar áhugaverðar og skemmtilegar og fjölbreytt úrval bóka tekið til til fyrir. Í lok umræðna var samþykkt að bækurnar Ásta eftir Jón Kalman og Kviksyndi eftir Malin Persson Giolito yrðu ræddar á marsfundi.

Febrúarfundur var haldinn í Menntaskólanum á Akureyri þar sem María Gunnarsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún sagði frá stefnu og starfsumhverfi í Hrafnagilsskóla þar sem eru reglulegar samverustundir á sal. Hún deildi tveimur ljóðum sem hafa verið lesin á þessum samverustundum og hafa talað til hennar. Hún kynnti einnig bókina *Hugarfrelsi; aðferðir til þess að efla börn og unglinga*. Bókinni fylgja spjöld með hvatningarorðum og efni til ígrundunar, lét María Betakonur draga spjöld sem hver og ein las svo fyrir hópinn. Eftir að fundi hafði verið slitið færðu konur sig upp á gamla sal MA þar sem Kristín Elva Viðarsdóttir, Betakona og skólasálfræðingur MA, bauð upp á slökun og nærandi hvatningarorð. Samverunni lauk með samsöng undir stjórn Maríu Gunnarsdóttur þar sem sungin voru lögin Kvölda tekur og Vem kan segla förutan vind.

Óformlegur fundur var haldinn á Greifanum í mars þar sem konur gæddu sér á súpu og salati og ræddu bækurnar *Saga Ástu* eftir Jón Kalman Stefánsson og *Kviksyndi* eftir Malin Persson Giolito. Umræður voru skemmtilegar, konur skiptust á skoðunum og deildu hugleiðingum um bækurnar. Aprílfundur Betadeildar var haldinn í Brekkuskóla. Minnie Eggertsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún hefur sótt námskeið í skapandi skrifum og flutti fyrir okkur prósa sem varð til upp úr slíku námskeiði, endurminningar úr bernsku hennar við Breiðafjörðinn. Helena Sigurðardóttir, Betakona kynnti SnjallVefju vefinn sem er meistaraverkefni hennar. Hún sagði frá og sýndi hvernig má mæta þörfum einstaklinga með lestrarörðugleika með aðstoð nútímataekni. Aðalfundur Betadeildar var haldinn í Lionssalnum Ánni, þann 25. maí 2018 Aníta formaður flutti orð til umhugsunar og lagði út af hugtakinu félagsauði og las umfjöllun um hugtakið úr bók Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, *Virðing og umhyggja; Ákall 21. aldar*. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum gæddu fundarkonur sér á veitingum og nutu góðrar samveru fram eftir kvöldi.

### **2018-2019**

Betadeild hóf hauststarfið á því að fara til Sauðárkróks ásamt Mýdeild til fundar við Nýdeild. Fengu konur kynningu á starfsemi sítunarstöðvarinnar og Sjávarleðurs og var svo gefinn kostur á að versla í Gestastofu Sútarans. Að þessu loknu var haldið á Kaffi Krók þar sem Nýsystur tóku formlega á móti Beta- og Mýsysturum. Jenný Þórkatla Magnúsdóttir formaður Nýdeildar bauð konur velkomnar og hóf dagskrána með skemmtilegu bingói sem fékk konur til að spjalla saman og kynnast í leiðinni. Konur nutu svo samveru og góðra veitinga fram eftir kvöldi og er öruggt að framhald verður á samvinnu þessara þriggja deilda.

Þann 5. október héldu Beta- og Mýsystur þriðja samræðuþing í tilefni af Alþjóðadadegi kennara. Að þessu sinni var þingið haldið í Hofi og bar yfirskriftina: *Að vera kennari lygilega gaman* og fjallaði um gleðina í kennslu. María Pálsdóttir leikkona var með hugleiðingu um kennarastarfið og stýrði hópavinnu. Þingið var vel heppnað og fór fólk vel nestað heim með hugmyndir sem nýta má í kennslu.

Fyrsti formlegi fundur Betadeildar var svo haldinn í Brekkuskóla 15. október þar sem vetrardagskráin var kynnt og tvær nýjar konur boðnar velkomnar í deildina. Greint var frá því að ákveðið hefði verið að vinna næstu tvö árin út frá markmiði DKG: Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna. Að einkunnarorðin gætu verið *nærandi samfélag* og að í þeim felist að við lítum í kringum okkur og vinnum með því samfélagi sem við búum í, kynnumst öðrum og kynnum okkur. Gestur fundarins var Anna Soffía Víkingsdóttir sérfræðingur hjá Háskólanum á Akureyri, júdóþjálfari og baráttukona í Meetoo byltingunni. Hún sagði Betakönnum frá vinnu sinni í baráttumálum kvenna innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt því sem Anna Soffía lýsti sínu starfi og hugmyndum mátti greina mikinn áhuga Betakvenna fyrir málefninu og var baráttuandinn sannarlega til staðar. Anna Soffía fékk lof í lófa fyrir framtak sitt í málefnum kvenna í íþróttum og hvatningu um framhaldið. Vakin var svo athygli á Kvennafrídegnum 24. október og voru konur hvattar til þátttöku á samstöðufundi á Ráðhústorgi. Þess ber að geta að margar Betakonur mættu og tóku þátt í dagskránni.



Jólafundur Beta- og Mýdeilda var haldinn í Brekkuskóla 30. Nóvember, degi síðar en til stóð þar sem veður og færð hamlaði fundarhöldum á fyrirhuguðum fundardegi 29. nóvember. Búið var að boða til fundarins í húsi Náttúrulækningafélagsins í Kjarnaskógi en vegna snjóþyngsla þar um slóðir var tekin ákvörðun um að færa fundinn í Brekkuskóla. Mættar voru 19 konur en nokkuð margar konur forfölluðust vegna breytingar á fundartíma og ófærðar í kringum Akureyri. Nokkrar breytingar urðu á fyrirhugaðri dagskrá en þó vantaði ekkert upp á kvöldið, jólasögur voru sagðar, orð til umhugsunar og sungið að venju.

Árið 2019 hófst með hefðbundnum bóka fundi þar sem konur sögðu frá bókum sem þær höfðu lesið. Ákveðið var að taka fyrir bækurnar *Ungfrú Ísland* eftir Auði Övu Ólafsdóttur og *Sæluvímu* eftir Lily King á marsfundi deildarinnar.

Febrúarfundur var haldinn í Menntaskólanum og voru gestafyrirlesarar að þessu sinni Alfa Aradóttir deildarstjóri forvarna- og frístundadeildar Akureyrarbæjar og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu Samfélagssviðs. Þær kynntu fyrir Betakonum innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Akureyrarbæ sem er fyrsta sveitarfélagið til að innleiða þennan sáttmála. Alfa og Bryndís fjölluðu m.a. um hvað felist í barnvænu samfélagi skv. þessum sáttmála, hvar áherslurnar liggja í því starfi að koma því á og fóru yfir aðgerðaáætlun sem samþykkt var nýlega í bæjarstjórn.

Þegar þetta er skrifað er aprílfundurinn framundan með hefðbundnu sniði en hann verður tileinkaður Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Gestafyrirlesari verður Eva Harðardóttir en hún þekkir vel til starfsemi Sameinuðu þjóðanna og hefur starfað í Malawi og á fleiri stöðum þar sem hún hefur unnið að framgangi menntunar barna sérstaklega. Stjórn Beta er farin að huga að lokafundi sem verður 17. maí en er líka upptekin við að undirbúa og hvetja konur til þátttöku á landssambandsþingi og alþjóðþinginu okkar í sumar.

Með góðri kveðju frá Akureyri,  
Sigríður Magnúsdóttir

[Gammadeild](#)

### **Seinna ár kjörtímabils stjórnar, 2017-2018.**

Gammasystur hófu hauststarfið með heimsókn í Veröld – hús Vigdísar, **6. september 2017**. Þar tók á móti okkur Ólöf Ingólfssdóttir og fræddi okkur um húsið, lýsti arkitektúrnum og starfseminni í húsi tungumálanna. Í sýningarsal hússins sáum við sýningu um líf og störf Vigdísar. Það var sterk upplifun að sjá hvernig arkitektunum hefur tekist að sameina fjölbreytt hugtök í fallega byggingu með mikilvæga starfsemi. Að þessari heimsókn lokinni var haldið á veitingastaðinn Nauthól og snæddur dýrindis matur. Sagt var frá landssambandsþinginu á Akureyri og Evrópuþinginu sem haldið var í Tallin í Eistlandi. Kynnt var dagskrá vetrarins sem bar yfirskriftina: **KENNA RINN, menntun, menning, fagvitund**. Gert var ráð fyrir níu fundum yfir veturinn eins og venjulega.

Þann **4. október** lá leiðin heim til Kristínar Bjarnadóttur og hápunktur þess fundar var inntaka nýrra félagskvenna. Þær eru: Bryndís Jóna Jónsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Hanna Halldóra



Leifsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir og Renata Emilsson Peskova. Hátíðleikinn sveif yfir fundargestum og þessar nýju félagskonur boðnar innilega velkomnar í deildina. Þar sem þema vetrarins hófst á menntun kennara þótti stjórninni vel við hæfi að fá Jóhönnu Einarsdóttur, okkar konu í Gammadeild og forseta Menntavísindasviðs HÍ til að segja okkur frá nýjungum og hvaða breytingar á menntuninni væru í nánd.

**Nóvemberfundurinn** var haldinn í hlíðum Breiðholts eða heima hjá Hildi Jóhannesdóttur í Vesturbergi. Þar hlýddum við á Eddu Pétursdóttur, barnakennara og ritara stjórnarinnar flytja erindi um fjölbreytileika og mikilvægi starfstengdrar leiðsagnar og þess að hún sé veitt á faglegan hátt kennaranemum og nýliðum í kennslu. Hún gerði líka grein fyrir mismunandi leiðsagnarkeningum og síðan var félagskonum skipt í hópa til að ræða hvernig leiðsagnarkennarar þær vildu vera ásamt því að hugsa til baka og velta fyrir sér hverjar voru þeirra áhrifaríkustu fyrirmyndir í upphafi síns kennsluferils. Húsráðandi settist í lokin við flygilinn og félagskonur sungu nokkur lög áður en þær svifu út í náttmyrkrið.

Jólafundurinn var haldinn **4. desember** í jólahúsinu hennar Gerðar. Renata tók fyrir hönd samtakanna Móðurmál á móti rós og viðurkenningu upp á 100 þúsund krónur sem safnaðist í happdrættinu á afmælisfundinum okkar sl. vor en deildin bætti aðeins við upphæðina. Einar Már Guðmundsson mætti og sagði frá nýju bókinni sinni *Passamyndir* og las valda kafla. Góður rómur var gerður að lestri Einars Mús og nokkrar konur nýttu sér að festa áritað eintak af bókinni. Undir lok fundarins voru tvær bækur kynntar sem lesa átti fyrir janúarfundinn. Það voru bækurnar *Undirferli* eftir Oddnýju Ævarsdóttur og *Elín, ýmislegt* eftir Kristínu Eiríksdóttur. Fyrsti fundur ársins 2018 var haldinn **9. janúar** í falletum og björtum húsakynnum Ingibjargar Jónasdóttur. Hún sagði að kliðurinn væri besti hljómurinn og bauð með þeim orðum félagskonur velkomnar og áréttaði jafnframt að nú væri komin hefð á bókafundinn í Stapaselinu og jafnframt janúartilhlökkun sem hún vildi að yrði árviss. Skipt var í hópa og rætt um bækur sem settar höfðu verið fyrir og var það einstaklega skemmtilegt og gefandi. Að lokum fluttu félagskonur ljóðið Halla eftir Stein Steinarr í kröftugum talkór.

Á snjópungu **febrúarkvöldi**, lá leiðin í Setbergsskóla en nú var von á gestum úr öðrum deildum. Stjórnin hafði lagt til þá nýbreytni um áramótin að hver félagskona gæti tekið með sér tvo gesti á tvo næstu fundi í stað þess að bjóða heilli deild á fund. Þessu var afar vel tekið og að þessu sinni voru mættir gestir úr fimm deildum. Svandís Ingimundardóttir, skólamálafrú hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga flutti fyrirlestur sem hún kallaði „Hvað er svona merkilegt við það...að vera kennari?“ Sjálf er Svandís menntaður kennari og starfs- og námsráðgjafi og eftir nokkur ár við ráðgjöf og nám í opinberri stjórnsýslu lá leiðin til Sambandsins. Hún er jafnframt nýr meðlimur í Alfadeild. Svandís sagði alla hafa áhyggjur af lítilli nýliðun í kennarastéttinni og taldi hún nauðsynlegt að allir sem vinna að skólamálaþingum þurfi að vera samstíga í aðgerðum en líka í orðræðu.

Þann **12. mars** lá leiðin suður í Hafnarfjörð í Setbergsskóla og nú fjölgaði heldur betur gestunum og voru 17 gestir mættir úr 5 mismunandi deildum. Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við Menntavísindadeild HÍ og félagskona í Kappadeild flutti okkur fyrirlestur er bar yfirskriftina: *Kennarinn sem þáttakandi í lærdómssamfélagi*. Sérsvið hennar er stjórnun og forysta og var doktorsverkefni hennar um lærdómssamfélagið. Hún nefndi að það væri margt sem stuðlaði að

árangri nemenda. Margir hlekkir sem saman mynduðu öfluga keðju. Það er ekki bara kennarinn sem kann og getur, heldur margir þættir innan skólans sem þurfa að spila saman. Minnt var á vorþingið en yfirskriftin er einmitt „sköpun-gróska-gleði.“ Sungið var kvæðið um fuglana og fundi slitið með hefðbundnum hætti.

Í **apríl** var komið að áttunda fundi vetrarins og farið í heimsókn í Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Gammadeildin hafði einmitt fengið kynningu á þeim skóla fyrir níu árum og þá í gamla húsinu en nú er skólinn kominn í nýtt og glæsilegt húnæði. Í upphafi fundar fengum við góða gesti en það voru tveir nemendur úr Varmárskóla sem voru verðlaunahafar úr Stóru upplestrarkeppninni þetta vorið en keppnin varð 20 ára í Mosfellsbæ. Þau voru glæsilegir fulltrúar skólans og fengu sem þakklætisvott Delta Kappa Gamma spilin. Auður Hrólfsdóttir, deildarstjóri tók á móti okkur og sagði okkur frá sérnámsbraut skólans sem er einstaklega vel upp byggð. Nemendur vinna mjög mikið í hópum og verkefnaskil eru aðallega á tölvutæku formi. Ekki eru venjuleg próf en námsmat fer reglulega fram.

**Aðalfundur** var haldinn **24. maí** í sumarhúsi Herthu í Bláskógabyggð. Félagskonur komu í rútu, snæddur var glæsilegur hátíðarkvöldverður og að loknum venjulegum aðalfundarstörfum var sungið og tekið upp léttara spjall.

Þessi samantekt á starfi Gammadeildar á kjörtímabili þessarar stjórnar er ekki tæmandi en gefur samt yfirlit yfir verkefni sem valin voru í tengslum við yfirskrift tveggja ára. Fyrra árið reyndum við að ná yfirsýn yfir hvað væri verið að gera í málefnum innflytjenda í skólum og seinna árið að kynna okkur málefni kennarans, menntun hans, skólamenningu og fagvitund. Við settum okkur líka þá stefnu að fá alla fyrirlesara úr öðrum deildum samtakanna og það tókst. Stjórnin ákvað í upphafi að hafa dagskrána tilbúna strax í upphafi vetrar svo allir gætu gengið að dagsetningum og sett í forgang að mæta á fundina. Mæting á fundi var yfirleitt mjög góð og er meðaltalsmæting 29 konur á fund. Verum minnugar þess að þó svo ekki sé skyldumæting þá er virkni í deild forsenda þess að starfið blómstri. Sú nýbreytni að taka með sér gesti tvisvar á vetri finnst okkur að megi endurtaka því það vakti gleði og var svolítið eins og lítið kvennaþing.

**Ingibjörg Einarsdóttir, formaður.**

### **Haust 2018/vor 2019**

Ný stjórn var kosin í maí 2018 til næstu tveggja ára og í stjórn sitja: María Pálmadóttir, formaður, Edda Pétursdóttir, varaformaður, Hildur Skarphéðinsdóttir, ritari og vefstjóri, Hertha W. Jónsdóttir, meðstjórnandi og Björg Eiríksdóttir sem starfar með stjórn sem gjaldkeri.

Stjórnin ákvað strax í upphafi að setja upp dagskrá fyrir veturinn. Efnið var valið út frá einkunnarorðunum: **Færni 21. aldar. gagnrýnin hugsun, sköpun, tækni og samvinna.**

**Fyrsti fundur:** 4. september í Golfskála Keilis, Hafnarfirði. Fyrir fundinn hittust félagar í Gammadeild í Íshúsi Hafnarfjarðar. Anna María Karlsdóttir og Ólafur Gunnar Sverrisson reka Íshúsið sem er samfélag keramik, textíl-og vöruhönnuða, listamanna, iðn-og handverksfólks, sjálfsprottið samfélag skapandi einstaklinga, aðsetur fyrir frumkvöðla og nýsköpun í íslenskri hönnun. María formaður hóf fundinn á að færa Ingibjörgu Jónasdóttir féлага í Gammadeild blómvönd en hún var kosin formaður Evrópudeildar DKG. Hún mun leggja áherslu á tengslanetið

árin tvö sem hún situr sem forseti, fyrsta misserið verður verkefni hennar ásamt undirbúningsnefnd að skipuleggja Evrópuþingið sem haldið er hér á landi í júlí. Ingibjörg Einarsdóttur sagði frá ferð á Alþjóðþing DKG í Austin í Texas þar sem tvö þúsund konur voru samankomnar, þar af átta frá Íslandi. Hún skynjaði mikinn áhuga hjá þingheimi að koma til Íslands næsta sumar.

**Annar fundur:** 1. október á heimili Bjargar Eiríksdóttur í Kópavogi. Aðalfyrirlestur kvöldsins var í höndum Gunnars Hersveins en hann flutti hugleiðingu sem bar heitið *Hvað er menntun?* Erindið byggðist fyrst og fremst á bók hans og Friðbjargar Ingimarsdóttur *Hugskot: Skamm-, fram-og víðsýni*. Hann hóf umræðuna á því að markmið með menntun er að móta góða menntun fyrir alla, nemandinn kunnir að efast og læri gagnrýna hugsun. Stóra spurningin er hvort hægt sé að læra gagnrýna hugsun og í hverju hún felst? Forvitni er forsenda sköpunar og sköpun er leit að lausn. Sköpunargáfan felur í sér að gera tilraunir. Sköpun er að búa til en ekki að eyða. Samábyrgð er eflað í skólum með því að gera nemendum kleift að taka þátt í ákvörðunum. Nýr tíðarandi kallar eftir gagnrýnni hugsun og leggja þarf rækt við sköpun til að efla borgaravitund. Gunnar gaf orðið laust og miklar umræður spunnust frá erindi hans.

**Priðji fundur:** 7. nóvember í Sæborg Starhaga, Reykjavík. Aðalefni var framsaga Soffíu Þorsteinsdóttur fyrrv. leikskólastjóra Sæborgar. Hún sagði frá ítölsku uppeldisstefnunni frá Reggio Emilia sem tekin var inn í leikskólann og áhrif hennar á starfseminna. Lögð er áhersla á að horfa á barnið sem virkan einstakling, skráning er mikilvægur þáttur og í gegnum hana er hægt að fylgjast betur með náms- og sköpunarferlinu. Lögð er áhersla á foreldrasamstarf og ferlimappa barnsins er undirstaða þess að gera starfið sýnilegt. Anna Gréta leikskólakennari sagði frá vinnu sinni sem listastjóri í listasmiðju. Mikilvægt er að trúá á getu barnanna og þá gerist ýmislegt sem kemur á óvart hvað varðar hæfileika þeirra til að skapa. Lagt er upp úr því að fanga augnblikið, afraksturinn er ekki aðalatriðið. Hún lauk orðum sínum á því að henni þætti börn stórkostleg og hvatti fundarmenn til að ganga um skólann, skoða verk og viðfangsefni þeirra.

**Fjórði fundur:** 4. desember í Kópavogi á heimili Gerðar G. Óskarsdóttur sem var afar jólalegt að vanda. Skapast hefur sú hefð að bjóða rithöfundum á jólafundinn. Sigríður Haglín Björnsdóttir fréttamaður og rithöfundur las upp úr bók sinni *Hið heilaga orð*. Miklar umræður sköpuðust um innihald bókarinnar. Meðal annars var rætt um lesblindu og hvað þeir sem eiga við hana að etja eiga oft erfitt með að skapa sér stöðu í þjóðfélaginu. Eyland fyrri bók Sigríðar varð einnig til umræðu þar sem þó nokkrar Gammakonur höfðu lesið hana og söguefni hennar vakið mikla athygli hjá þeim.

**Fimmti fundur:** 10. janúar á heimili Ingibjargar Jónasdóttur í Reykjavík. Félagskonur höfðu fengið það verkefni fyrir fund að lesa bókina *Ungrú Ísland* eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Formaður kynnti Jórunni Sigurðardóttur til leiks sem hafði verið beðin um að stjórna árlegri bókmenntaumræðu Gammadeildar. Hún telur bókina margslungna, með margvíslegar vísanir í aðrar bókmenntir og svo sé bókinn einnig mjög ljóðræn og beri að lesa hana með það í huga. Hópnunum var skipt í hópa til að velta upp spurningum og ræða álitamál. Eftir kaffihlé settust allir saman og ræddi hver hópur sína upplifun af bókinni. Jórunn tók virkan þátt í umræðunni sem var fjórleg, innihaldsrík og margvísleg sjónarhorn viðruð.

**Sjötti fundur:** 4. febrúar í Setbergsskóla, Hafnarfirði. Aðalerindi kvöldsins hélt Gerður G. Óskarsdóttir og bar yfirskriftina *Svipmyndir úr kennslustundum í íslenskum framhaldsskólum: Frumkvæði nemenda og samvinna* og er rannsókn sem unnin hefur verið í framhaldsskólum á Íslandi. Samvinna er einn grundvallarþáttur náms í lýðræði og er mikilvægur liður í uppeldi og lýðræðislegri þátttöku. Hópverkefni virðast fremur gefa tækifæri á sköpun en einstaklingsverkefni. Fjöldi í bekk virðist ekki hafa áhrif á samvinnu né uppröðun húsgagna, munurinn var aðallega milli námsgreina, mest var samvinnan í íslensku og erlendum tungumálum. Það var mikill munur á milli skóla hvað varðar samvinnu og frumkvæði. Gestur fundarins Jóna Benediktsdóttir forseti landssambands DKG fór yfir helstu málefni DKG á Íslandi.

**Sjöundi fundur:** 6. mars í Setbergsskóla, Hafnarfirði. Aðalefni fundarins helgað snjalltækjum í skólastarfi og innleiðingu innan skóla í Hafnarfirði. Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, kennslufulltrúi í upplýsingatækni hjá Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, Hildur Ásta Viggósdóttir, verkefnastjóri UT mála og Helga Magnúsdóttir, umsjónarkennari báðar við Setbergsskóla kynntu sitt verksvið. Mikil gróska er varðandi notkun á snjalltækjum við kennslu og hefur verið mörkuð stefna um málaflokkinn. Í hverjum skóla er ábyrgðarmaður um innleiðingu og ráðgjöf fyrir kennara og áhersla lögð á kennarana sem flytja sína kunnáttu og færni til nemenda. Ráðgjöf og eftirfylgni er í höndum skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og er Bjarndís Fjóla í því hlutverki. Allar eru sammála um að viðhorf stjórnenda ræður mestu um hvernig til tekst að breyta kennsluháttum með að nýta upplýsingatækni við kennslu.

**Áttundi fundur:** 4. apríl í Kerhólum Borgartúni, Reykjavík. Formaður hóf fund með því að minnst Sigrúnar Aðalbjarnardóttur sem lést 19. mars, hún var ein af stofnendum Gammadeildar. Pálína Jónsdóttir sem einnig er ein af stofnendum Gammadeildar flutti minningarorð um Sigrúnu en þær útskrifuðust saman úr Kennaraskólanum 1944 og hafa verið vinkonur alla tíð. Sigrún fæddist 8. desember 1923 í Halldórskoti á Hvaleyri við Hafnarfjörð og bjó þar sína ævi. Hún átti farsælan feril í Ísaksskóla en kennsla hennar einkenndist af ró, festu og hlýju. Sigrún var virkur félagi í Gammadeild þar til heilsan brást og tók hún örlögum sínum af æðruleysi.

Aðalefni fundarins fyrirlestur Eyrúnar Sigurðardóttir, myndlistarkonu um Skapandi ferli og Gjörningaklúbbinn. Hún sagði frá bókinni *Skapandi ferli* sem hún ákvað að semja eftir reynslu sína sem kennari í Listaháskólanum. Nemendur eru á mjög mismunandi stigi þegar þeir hefja nám í skólanum og hafa mismikla þekkingu. Skapandi ferli er mikil óvissuferð þar sem ferðalangurinn þarf að virkja JÁ-ið í sér. Treysta á sjálfan sig, áhuga sinn og innsæi. Hún lýsti vörðunum fjórum sem skapandi ferli byggist á í aðferðarfræði fyrrnefndrar bókar. Eirún sagði síðan frá reynslu sinni sem starfandi myndlistarkona í Gjörningaklúbbnum og sýndi myndir frá ferli hans. Í lokin lagði Eirún fyrir verkefni og skiluðu Gammakonur fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum á aðeins 10 mínútum.

**Níundi fundur:** Vorfundur/vorferð Gammadeildar verður 28. maí og verður för haldið út fyrir borgarmörk.

**Hildur Skarphéðinsdóttir, ritari.**



## Deltadeild

### **Yfirskrift frá framkvæmdaáætlun samtakanna 2017-2019:**

#### **Beinum sjónum inn á við og látum starfið blómstra**

Núverandi stjórn:

Jónína Eiríksdóttir, formaður

Þórunn Reykdal, varaformaður - verður meðstjórnandi haustið 2019

Jónína Erna Arnardóttir, meðstjórnandi - tekur sæti Þórunnar næsta haust 2019

Dagný Emilsdóttir ritari.

Sóley Sigurþórsdóttir er fjárhirðir deildarinnar.

Fundir haustsins 2017 fóru mikið í að undirbúa 30 ára afmæli Deltadeildar, sem stofnuð var 31. október árið 1987. Þess var minnst í Stúkuhúsinu á Akranesi 18. nóvember 2017. Mikið hafði verið unnið að undirbúningi afmælisveislunnar, sem var mjög skemmtileg og upplífandi fyrir félagsandann. Deildinni var skipt í hópa, sem sáu um fjölbreytt atriði afmælisins. Saga deildarinnar var rakin með myndum, ýmis konar samantektum og annál, persónulegar sögur voru fluttar frá liðinni tíð, Theodóra Þorsteinsdóttir söng einsöng við undirleik Jónínu Ernu Arnardóttu, hópurinn söng saman og tískusýning fór fram undir borðum, þar sem nokkrar konur drógu fram fötin sín frá liðinni tíð og sýndu - við mikla kátínu. Þá voru allir viðstaddir stofnfélagar heiðraðir og sérstaklega þær Þrúður Kristjánsdóttir og Hildur S. Þorsteinsdóttir. Í framhaldi af þessari sögulegu samantekt, sem unnin var vegna afmælisins í máli og myndum, var ákveðið að safna saman á einn stað öllum þessum sögulegu stiklum og gerð var mappa með ákveðnu skipulagi þar sem safna á gögnum um deildina og starf hennar í gegnum árin. Það var Sigrún Jóhannesdóttir, sem mótaði skipulag þetta og deildin stefnir á að halda þessari möppu í góðu standi. Keyptur var tölva-flakkari þar sem sömuleiðis á að safna tölvutækum gögnum í hvaða formi sem gefst – og móta skjalakerfi á honum, sem auðveldar söfnun og leit gagna. Í janúar 2018 var sameiginlegur fundur deildarinnar með Zontakonum á Vesturlandi, Uglu. Hann var ánægjulegur og fróðlegur, haldinn í Borgarnesi. Deltakonur fóru um margt vísari um starfsemi Zontakvenna og kynntu sjálfar félag sitt fyrir Zontakonum. Í mars heimsóttum við Veröld, hús Vigdísar Finnbogadóttur og fengum leiðsögn um sýninguna um Vigdísi og húsið. Það var allt mjög eftirminnilegt og heimsókninni fylgdi fundur í Lækjarbrekku. Fjórar konur fóru alla leið á Egilsstaði til vorþings samtakanna og nutu sín alveg dásamlega. Tóku flugið, leigðu hús og máluðu bæinn rauðan. Yndislega vel heppnað þing í Egilsstaðaskóla og heima á Egilsstaðabúinu. Starfsárinu 2017-2018 lauk með aðalfundi eins og lög gera ráð fyrir og að þessu sinni í heimahúsi í Reykholti, en það er ekki algengasti máttinn á fundum okkar. Auk venjulegra aðalfundarstarfa

voru dregnir saman punktar um starfið í Deltadeildinni, fyrst með erindi Sigrúnar Jóhannesdóttur, sem að öðrum ólöstuðum, er kvenna fróðust um starfið og hefur einstakt lag á að draga saman aðalatriðin til innsæis og hvatningar fyrir okkur hinar. Að hennar innblæstri loknum, var fundarkonum skipt í hópa þar sem settar voru niður á blað þær áherslur, sem konur vilja hafa í starfinu í framtíðinni. Þar kennir ýmissa jákvæðra sprota og segja má að í öllum hópunum hafi komið fram vilji til að miðla jákvæðri reynslu og stuðningi til ungra kennara á svæðinu, sem augljóslega er mikil þörf á að hlúa að. Þá er ekki aðeins átt við að bjóða þeim inngöngu í samtökin, heldur líka að bjóða þeim á einhvern/einhverja fræðandi fund/fundi félagsins án nokkurra skuldbindinga um inngöngu í félagið. Vonandi tekst deildinni að koma sem flestu af því í framkvæmd, sem á blöðin var sett. Atriðin voru höfð uppi við á fyrsta framkvæmdaráðsfundi nýrrar stjórnar haustið 2018 þegar settar voru niður stiklur fyrir vetrarstarfið. Við höfum verið svo heppnar að geta viðrað ýmislegt af þessum óskalista, nema það að bjóða ungum kennurum á okkar fund. Það kemur vonandi síðar. Við höfum kynnst svokallaðri “búbblu” Elínar Kristinsdóttur kennara í Borgarnesi, sem byggir á íhugun og slökun með nemendum, stefnu og framkvæmd iðjuþjálfunar aldra á Ellheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi, átt sameiginlegan fund með Lambdakonum í Reykjavík, kynnst ráðgjafarfyrtækinu Capacent í Reykjavík og lausnamiðaðri framtíðarsýn, sem fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum undir merkjum aðferðafræðinnar, “Design Thinking” og hlýtt á Kolbrúnu Pálsdóttur, félagi í Lambdadeild, sviðsforseta og dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um málefni kennaramenntunar og framtíðarsýnar hennar og Menntavísindasviðsins.

Þá höfum við rætt um jólabækur, sótt dagskrá í tali og tónum, undir stjórn Jónínu Ernu Arnardóttur okkar félaga, í Reykholtskirkju í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslendinga. Skoðað sýninguna, 1918 í Borgarfirði, sem sett var upp í Reykholti og unnið að því að mynda alla félagana til að birta í félagatali samtakanna. Við höfum auðgast mikið við að taka upp nýjan lið á fundum þar sem einn félagi segir ítarlega frá sjálfum sér og annan lið þar sem annar félagi - eða sá sami - velur lag til að syngja saman. Þá er happdrætti fastur liður. Sú sem fær vinninginn, kemur með vinning á næsta fund og þannig safnast dálítill auka-sjóður í deildinni, sem gott er að grípa til vegna sávægilegra útgjalda.

Á tímabilinu hefur verið unnið ötullega að því að fá nýjar konur til liðs við deildina. Við stefnum á að taka inn nýja félagskonur í vor og 2 konur hafa flust til okkar úr öðrum deildum, Ingibjörg Kristleifsdóttir úr Gamma og Valgerður Janusdóttir úr Lambda.

Deltadeild óskar samtökunum allra heilla á komandi árum og hvetur allar DKG konur að fylkja sér að baki einkunnarorðum samtakanna um vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.



## Epsilondeild

### Stjórnin 2018–2020:

Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir formaður, Ásborg Arnþórsdóttir ritari, Ingibjörg Ingadóttir varaformaður, Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Guttormsdóttir meðstjórnandi. Fyrst ber að geta þess að Suðurlandi er afar víðfemt og systur í deildinni búa frá Þorlákshöfn í vestri að Hellu í austri. Deildin spannar líka svæðið frá ströndinni upp að Flúðum.

Haustið 2017 voru eftirtaldir konur í stjórn: Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir formaður, Sigríður Sigurgeirsdóttir ritari, Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri, Hólmfríður Árnadóttir meðstjórnandi, Kristín Sigfúsdóttir meðstjórnandi.

Stjórnin fundaði um haustið, skipulagði vetrarstarfið bæði hvað varðar fundastaði og fundadaga. Fyrsti fundur deildarinnar var haldinn á Selfossi þann 21. september. Þetta var inntökufundur og gengu 3 konur í félagið og okkur fannst mikill fengur að fá þær til liðs við okkur.

Helga Halldórsdóttir úr Gammadeild kom til að vera okkur innan handar með inntökuna og var stundin mjög hátíðleg.

Einnig fórum við yfir vetrarstarfið framundan.

Annar fundur deildarinnar var í Þorlákshöfn í lok október. Þar kynnti Kristín Sigfúsdóttir Epsilonsystir meistaraþingar sína sem fjallaði um reynslu barna sem dvelja fjarri foreldrum sínum (fósturbörn) og frásagnir þeirra að skólagöngu sinni o.fl. Titill verkefnisins er: „Skóli er greinilega ekki fyrir mig, ég er ekki gerður fyrir skóla“. Þetta var afar góð stund – og vakti okkur til umhugsunarum stöðu margra barna. Ritgerðina má finna inni á Skemmunni.

Þriðji fundurinn var í Rauða húsinu á Eyrarbakka í desemberbyrjun. Þar fengum við góðan gest – prófastinn okkar Halldóru Þorvarðardóttur sem flutti okkur góða hugvekjju.

Fjórdi fundurinn – bókafundurinn var haldinn í janúar og fundarstaður var Laugaland í Holtum. Við ræddum um bækur, nýjar og gamlar og höfðum allar margt að segja. Allar fórum við heim með hugmyndir um góðar bækur sem vert er að lesa.

Fimmti fundurinn var haldinn um miðjan mars og hann var í FSU. Ágústa Ragnarsdóttir myndlistarkennari þar sagði okkur frá starfi sínu – og hvílíkt starf. Við vorum allar sammála um að erindi Ágústu ættu sem flestir að heyra.

Sjötti fundurinn var um miðjan apríl og varferð til Suðurnesja þar sem þetasystur tóku okkur með kostum og kynjum. Þær sýndu okkur og sögðu margt – fræddu okkur um gamalt og nýtt. Ferðin var alveg frábær, styrkti tengsl og vinskáp.

Vorfundur var í Skálholti í lok maí og þar var ný kona tekin inn í deildina. Hátíðleg og falleg athöfn.

Síðan kom að aðalfundi og það má segja að stjórnarkreppa hafi ríkt því engin vildi verða formaður. Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir gekkst inn á að halda áfram formennsku næstu tvö árin og var það samþykkt.

Nýtt „atriði“ var samþykkt á aðalfundinum og það var að hver systir greiddi 5000 krónur á ári í sjóð sem hægt væri að grípa til t.d. ef við fengjum fyrirlesara, ef við færum saman í menningarferð, ef formaður eða e-r úr stjórn þyrfti að fara lengra til vegna funda – en þá yrði farið greitt skv. kvittunum. Og bráðum þarf að halda upp á afmæli deildarinnar.



Um miðjan maí 2018 fengum við hér í Þorlákshöfn Kappasystur í heimsókn – en sú heimsókn var afar óformleg. Við vorum tvær (Ingibjörg Þ.Þ. og Ásgerður Eiríks) sem tókum á móti þeim, ókum um bæinn, fórum á útsýnisstaðinn og sögðum gestunum hvað þeir sæju ef það væri ekki þoka – sýndum þeim kirkjuna okkar, húsnæði eldri borgara og fleira.

Haustið 2018 hittist stjórnin og lagði línur fyrir vetrarstarfið.

Ákveðið var að skipta svolítið verkum þannig að stjórnarkonur sá um fundi á sínu svæði en þó er formaðurinn alltaf upplýstur um öll mál – enda ber hann ábyrgðina þegar upp var staðið.

Fyrsti fundurinn var haldinn á Hvolsvelli 21. september og þar var aðalefnið ferðin til Tallin. Elinborg Sigurðardóttir sagði frá þeirri dásamlegu ferð. Einnig fór Sigríður Guðnadóttir yfir vef landsambandsins og vef okkar í Epsilon. Góður og fróðlegur fundur að venju.

Annar fundur var haldinn í lok október að Flúðum á dásamlega fallegum haustdegi.

Aðalefni fundarins var kynning Ásborgar Arnþórsdóttur á starfi hennar sem ferðamálafulltrúa á uppsveitum Árnassýslu og óhætt er að segja að starf hennar er víðtækt og hún hefur stutt marga til góðra verka.

Sigríður Guðnadóttir hafði boðið okkur að taka myndir af okkur fyrir heimasíðuna sem hún og gerði.

Að fundi loknum fórum við að Gömlu lauginni þar sem Björg Bjarnadóttir sagði okkur frá sögu hennar sem er mjög merkileg.

Þriðji fundurinn var haldinn í byrjun desember í FSU. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir æskulýðsfulltrúi Selfoskirkju sagði frá starfi sínu sem er afar fjölbreytt.

Fjórdi fundurinn var haldinn í Hveragerði um miðjan janúar– hinn árlegi bókafundur. Það var margt rætt – margar bækur nefndar og konur veltu vöngum. Fóru heim með allskonar góða bókatitla skráða hjá sér.

Fimmti fundur vetrarins var haldinn í mars uppi í Ásaskóla. Aðalefni fundarins var frásögn ábúenda í Ásaskóla um skólahlald í sveitinni sl. 100 ár og svo fléttuðu gestgjafar söng og píanospili inn í frásögnina. Skólinn er löngu aflagður en þau keyptu húsið, gerðu það upp og nú er þar gestamóttaka og gístaðstaða. Við fórum afar glaðar heim og miklu fróðari um þennan leynda gimstein.

Framundan er heimsókn Þetadeildar um miðjan apríl og við Epsilonsystur ætlum að sýna þeim ýmislegt markvert við ströndina.

Síðan er fundur í apríl – heimsókn í Veröld Vigdísar og vorfundurinn verður í Skálholti.

Orð til umhugsunar og happdrætti eru fastir liðir á öllum fundum. Við borðum saman að loknum fundum á e-m góðum veitingastað sem eru nokkuð margir hér á svæðinu.

Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir

Formaður Epsilondeildar



## Zetadeild

Fyrsti fundur ársins var inntökufundur sem haldinn var 1.3 á Hótelinu á Eskifirði þar sem fimm nýjar konur voru teknar inn í Zetadeildina við hátíðlega athöfn, þær eru: Margrét Björk, Marta Wíum, Petra Jóhanna, Brynja og Guðmunda Vala. Allar þessar nýju konur voru á kynningarfundinum á Seyðisfirði og var þetta var mjög ánægjuleg stund í alla staði og þær boðnar innilega velkomnar í félagsskapinn!

Síðasti félagsfundur vetrarins var haldinn 4.4 í Steinasafni Petru á Stöðvarfirði. Þar tók á móti okkur Unnur Sveinsdóttir barnabarn Petru og sagði okkur frá ástríðu hennar og dugnaði við að koma upp safninu. Héldum við að lokinni þessari fróðlegu kynningu á Brekkuna þar sem við snæddum kjúklingasúpu á meðan við skipulögðum Vorþingið á Egilsstöðum í byrjun maí. Á meðan við vorum uppteknar við það ákvað Vetur konungur að herða á vindi og snjókomu. Dimmél og skafrenningur tók á móti okkur á heimleiðinni og þegar hópurinn nálgadist Reyðarfjörð kom í ljós að búið var að loka Fagradal! Gistu þrjár Héraðsdætur þessa nótt í Fjarðabyggð og var þetta þeirra lengsti Zetafundur hingað til.

Vorþing haldið á Egilsstöðum 5.5. í umsjón Zetadeildar og menntamálanefndar DKG. Þemað var Sköpun, gróska og gleði. Á sjötta tug kvenna sótti þingið. Fljótaldalshérað bauð til móttöku í Safnahúsinu á Egilsstöðum og hátíðarkvöldverður var haldinn á Gistihúsinu á Egilsstöðum um kvöldið. Hægt er að sjá myndir, fréttir og dagskrá þingsins á heimasíðu DKG. 17.5 var haldinn aðalfundur Zetadeildar í Óbyggðasetrinu. Þar voru almenn aðalfundarstörf og ný stjórn tók við völdum. Ruth kveikti á kertunum og Petra Jóhanna var með orð til umhugsunar. Að fundi loknum snæddu zetakonur gúlassúpu og fengu sér rabarbaraeftirrétt um leið og þær létu sig dreyma um sumar og sól.

Ef fundahaldið er dregið saman kemur í ljós að það voru haldnir 11 félagsfundir, 1 aðalfundur, 1 framkvæmdaráðsfundur, 1 vorþing og 1 Landsambandsþing. Stjórnarfundir voru nokkrir bæði í með tölvupósti, skype og snerti fundum.

Það sem helst mætti ítreka til nýrrar stjórnar er að halda áfram að safna myndum af hverri félagskonu til að setja inn á vef DKG og halda vel utan um þær konur sem hafa verið á hliðarlínunni á leið inn í félagsskapinn. Gott væri að hafa nafnalista yfir þessar konur og skipa kannski tveggja þriggja manna nefnd sem hefur það hlutverk að safna konum í félagsskapinn. Gæta þarf þess að Zetadeildin spanni öll skólastig og konur sem starfa sem víðast í atvinnulífinu. Þá eru það einnig góð tilmæli frá fráfarandi stjórn að varaformaður hvernar stjórnar verði næsti formaður hennar. Komin með reynslu og þekkingu á grunninnviðum deildarinnar. Það fyrirkomulag þekkist víða í deildum félagsins. Varðandi fjárhaginn væri sniðugt að leggja inn á reikning félagsins 1000-1500 kr t.d. á vorin til að rétta fjárhaginn af en tengja þá upphæð ekki við árgjaldið sem greitt er á haustin en á næsta ári verður breyting á því þar sem árgjaldið verður innheimt í júní ár hvert.

Fyrir hönd fráfarandi stjórnar þakka ég kærlega fyrir gott og gefandi starf undanfarin tvö ár, markmiðið okkar var að horfa inn á við um leið og við huguðum að list í leik og starfi. Hægt er að segja að allt sé list í sem víðasta skilningi, mér dettur í hug „Fjallkonan“ okkar á Vestdalsheiðinni sem bar allar þessar perlu upp í fjall og lét þar lífið...hún hlýtur að hafa verið listræn.

Ég vil að lokum þakka uppstillingarnefndinni þeim Jórinni, Björgu og Hrefnu fyrir þeirra vinnu og óska nýrri stjórn og okkur öllum gleðilegs sumar og farsæls starfs innan Zetadeildar í framtíðinni!

Takk fyrir!

Helga Magnea Steinsson

2018-2019Stjórnarfundir hafa verið tveir á núverandi starfsári og einnig skype og önnur tölvusamskipti. Stjórnarkonur í Zeta deild hittust á Egilsstöðum í byrjun september þar sem línur voru lagðar fyrir vetrarstarfið 2018-2019.Ákveðið var að ekki yrðu gerðar breytingar á fyrirkomulagi funda. Skipulagðir eru sex fundir í vetur og fundir haldnir á þeim stöðum þar sem félagskonur búa. Skipulag funda er síðan í höndum kvennanna á staðnum.Segja má að gengið hafi á með eljum hjá nýrri stjórn og deildarkonum í Zetadeild í vetur. Fyrsta fundinn átti að halda á Seyðisfirði því til stóð að tvær konur frá Seyðisfirði myndu ganga í félagið. Ekkert varð þó af þeim fundi þar sem veðurspá var ekki góð og ófærðarfundurinn frá því í vor ekki gleymdur. Fjarðarheiði er ekki árennileg þegar veður versnar. Seyðfirsku konurnar eru þó ekki hættar við að ganga í félagið og vonumst við til að þær komist á fund til okkar fyrr en seinna.Við náðum að halda fyrsta fundinn í Neskaupstað í október og gestur okkar var Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar sem fræddi okkur um starfsemina. Markmið Austurbrúar er að vinna að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnaðilar að Austurbrú eru yfir 30 stofnanir, þar má nefna alla háskóla landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskóla og þekkingarsetur auk allra sveitarfélaga á Austurlandi. Mikill fróðleikur sem við fengum hjá henni.

Annar fundur í Zeta deild var haldinn 22. nóvember 2018 í Tehúsinu Hostel Egilsstöðum. Byrjað var á að fara í heimsókn í Hús Handanna þar sem Lára Vilbergsdóttir tók á móti zeta konum og kynnti starfsemina. Hús Handanna er sérværslun og gallerí þar sem megináhersla er á að kynna og efla hvers kyns framleiðslu, hönnun, handverk og listsköpun á Austurlandi. Að heimsókninni lokinni var haldið í Tehúsið þar sem hefðbundin fundarstörf tóku við.

Gestur fundarins var Anna María Arnfinnsdóttir námsráðgjafi við Egilsstaðaskóla, hún sagði frá jákvæðri sálfræði og hvernig hún hefur nýst henni í starfi en Anna María lauk diplómanámi í vorið 2018.Að þeim fundi loknum var komið jólafrí og ráðgert að hittast aftur í febrúar. Svæðið okkar er víðfeðmt og félagskonur dreifast um svæðið. Það fór nú samt svo að fyrsti fundur ársins, febrúarfundurinn féll niður.

Við náðum svo að hittumst á Eskifirði þann 13. mars og áttum góða stund saman og kom ein félagskona með gest með sér, Katrínu Reynisdóttur. Við vinnum að því að efla deildina með því að fjölga bæði konum og stöðum hér fyrir austan. En á sama tíma verðum við líka að hlúa að þeim sem eru nú þegar í deildinni.

Að loknum fundarhefðum á Eskifirði áttum við umræðu um starf deildarinnar og fyrirkomulag funda en félagskonur hafa skipt með sér að halda fundina og hefur það gefist vel. Við ræddum einnig að ekki væri alltaf nauðsynlegt að leita út fyrir deildina, við sjálfar hefðum frá ýmsu að segja og vettvangurinn kjörinn til þess að segja frá því sem við erum að gera.

Við fengum síðan fróðlegan fyrirlestur frá María Hjálmarsdóttur verkefnastjóra hjá Austurbrú. Hún sagði okkur frá verkefninu um Áfangastaðinn Austurland sem er samvinnuverkefni og opið öllum sem vilja og hafa áhuga. Verkefnið byggir á samtali við samfélagið Austurland; sveitarfélög, fyrirtæki, samtök, stofnanir og íbúa Austurlands. Verkefni sem ætlað er að þróa landsvæðið Austurland með áherslu á sjálfbærni í efnahags-, samfélags- og umhverfislegu tilliti. Nánar má lesa og fræðast um verkefnið á <https://austurland.is/>

Við stefnum á vorkund á Seyðisfirði 22. maí og er sú tímasetning valin í samráði við þær konur á Seyðisfirði sem enn hefur ekki tekist að taka formlega inn í Zeta deildina, og nú skal það takast og við verðum líka að bæta okkur í að setja inn af félagskonum á síðuna okkar.

Takk fyrir

Guðrún Ásgeirsdóttir



#### Etadeild

#### **Stjórn Etadeildar 2016-2018**

Bryndís Guðmundsdóttir formaður

Stefanía Valdís Stefánsdóttir varaformaður

Magnea Ingólfssdóttir ritari

Auður Elín Ögmundsdóttir meðstjórnandi

Ingibjörg Möller meðstjórnandi

Anna Sigríður Pétursdóttir gjaldkeri

Að jafnaði eru í Etadeild sex fundir á hverju starfsári, alltaf gefandi og almennt vel sóttir. Leiðarljós starfsins eru markmið DKG ásamt gildum og markmiðum Etadeildar. Starfsárið 2007 mótuðu Etakonur stefnu deildarinnar, sem enn er í fullu gildi. Þar eru gildin okkar *frumkvæði, fagmennska og samkennd*. Um hlutverkið segir að í *Etadeild viljum við fylgjast með þróun í menntamálum, kryfja mál til mergjar og stuðla að menntun og fræðslu. Deildin er vettvangur okkar til að kynna, deila reynslu og njóta ánægjustunda*. Markmiðin eru: *Að hafa forystu í faglegri umræðu; Að efla innbyrðist tengsl okkar; Að velja verkefni utan deildar til að vinna að; Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan.*

Öðru sinni á 20 ára starfstíma Etadeildar gerðist það vorið 2016 að ekki tókst að fá nógu margar konur til að taka við keflinu og taka sæti í stjórn. Í slíkri stöðu er alltaf möguleiki að sameinast annarri deild en það þótti fráfarandi stjórn ekki góður kostur og tók því áskorun um að sitja áfram næstu tvö ár með góðum viðauka. Úr stjórn gekk Kristín Helga Guðmundsdóttir meðstjórnandi, sem áfram hefur þó haldið utan um vef Etadeildar og nýjar í stjórn komu Auður Elín Ögmundsdóttir og Ingibjörg Möller.

Vissulega er ástæða til að velta fyrir sér hvers vegna konur eru svo hikandi við að taka sæti í stjórn og taka ábyrgð á félagsstarfinu. Með því fyrirkomulagi, sem við höfum í Etadeild og hefur gefist vel, að hópar sjái um fundi ásamt stjórn dreifist ábyrgð og álag. Ég held ég mæli fyrir munn okkar allra í fráfaraandi stjórn að þetta hefur bara verið gaman og alls ekki svo íþyngjandi en við mælum hins vegar ekki með svo langri stjórnarsetu og teljum það ekki æskilegt fyrir félagsstarfið.

Í Etadeild eru skráðar 30 konur. Tvær konur sem tóku sér frí í nokkur ár hafa ákveðið að koma til samstarfs á ný og bjóðum við þær hjartanlega velkomnar. Minna hefur orðið um nýliðun en til stóð og verður það áfram verkefni okkar allra að efla hópinn enn frekar, auka breiddina, lækka meðalaldurinn og fá til samstarfs konur úr fleiri kimum mennta- og fræðslustarfa. Við mætum einnig vera duglegri að bjóða gestum á fundi án allra skuldbindinga. Með því aukum við kynni út á við og styrkjum netið okkar. Við gætum einnig nýtt okkur þá hugmynd að bjóða konum úr öðrum deildum á fund til okkar. Ég naut þess í vetur að fá slíkt boð og var það góður fundur og skemmtileg tilbreyting að hitta þær öflugur konur sem fylla Gammadeild.

Segja má að nokkuð vel hafi gengið að fylgja eftir markmiðum okkar. Minnugar þess að Etadeild hratt af stað í samstarfi við Rauða krossinn og Borgarbókasafn, heimanámsstuðningi fyrir börn innflytjenda, voru umræður um möguleika á einhvers konar sjálfböðnu verkefni í formi stuðnings við unga og nýútskrifaða kennara. Í Etahópi eru konur með mikla reynslu á öllum skólastigum, frá leikskóla og upp í háskóla, úr hinum ýmsu störfum sem þar er að finna. Útfærsla og frekari umræða bíða betri tíma en hugmyndin fær að gerjast í hugum kvenna þangað til.

### **Starfsár Etadeildar 2016 - 2017**

Miðvikudaginn 31. ágúst 2016 var haldinn á Kaffi Sólon fyrsti fundur starfsársins sem jafnframt var aðalfundur. Gestur fundarins var Ragnhildur Vigfúsdóttir ráðgjafi og markþjálfari. Hún fjallaði um ýmsa þá þætti sem áhrif hafa á lífshamingjuna m.a. mikilvægi þess að þekkja eigin styrkleika, sættast við og viðurkenna veikleikana og kynnti okkur rannsóknir og fræði Brené Brown, bandarískrar fræðikonu og fyrirlesara. Urðu góðar og líflegar umræður út frá erindi Ragnhildar.

Þriðjudaginn 11. október 2016 var haldinn fundur í Norðlingaskóla. Gestur á þeim fundi var Sigríður Hulda Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Kappakona og ræddi um starfsánægju og lífsfyllingu. Vitnaði hún til kenninga um lykilþætti hamingjunnar, heilsu, jákvæðni, fegurð, samskipti, öryggi, tilgang og þakklæti og lagði áherslu á áhrif sjálfsþekkingar og viðhorfa á líðan og lífsgæði. Orð til umhugsunar komu frá Hafdísí Sigurgeirsdóttur sem rifjaði upp starf sitt í sérkennslu, gefandi lestrarkennslu yngri barna og nýleg tímamót við starfslok, sem gefa tækifæri til að sinna bókmenntaáhuga. Hafdís las tvær frásagnir „Lárviðarlauf“ og „Njála“ úr bókinni *Skuggamyndir úr ferðalagi* eftir Óskar Árna Óskarsson og taldi hún að líklega tengdi hún svo vel við þessar sögur því í þeim endurspegladist virðing, áhugi og hlýja gagnvart börnum.

Jólafundur var haldinn mánudaginn 28. nóvember 2016 á heimili Auðar Torfadóttur. Þar nutum við samveru og góðra veitinga frá Jómfrúnni. Gestir okkar voru rithöfundarnir Vigdís Grímsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir sem lásu úr bókinni *Elsku Drauma mín*. Miklar og fjörugar samræður urðu meðfram og að loknum lestri og veittu þær stóllur aukna innsýn í lífið á Gljúfrasteini. Endurnærðar og glaðar héldu konur út í nóttina og aðventuna framundan.

Fimmtudaginn 26. janúar 2017 var fyrsti fundur vormisseris haldinn í Hannesarholti. Segja má að þema fundarins hafi verið samskipti og tengsl. Etakonur hafa stundum haft á orði að of fá tækifæri gefist til samræðna vegna þéttskipaðrar dagskrár á fundum. Í þetta sinn var spjallað við kertaljós undir seiðandi harmonikkutónlist Eyrúnar Í. Gísladóttur og Guðnýjar K. Erlingsdóttur. Orð til umhugsunar voru í tónum og tali í höndum Eyrúnar. Hún lagði út frá samspili texta og tóna, hvernig hvort um sig hefði áhrif, saman og eitt sér. Í notalegu umhverfi nutum við samveru. Að loknum fundi gafst kostur á að njóta frásagnarlistar Einars Kárasonar í Hljóðbergi, á neðri hæð hússins.

Fimmtudaginn 16. mars 2017 var aftur fundað í Hannesarholti. Á dagskrá var erindi Guðrúnar Ingólfadóttur bókmenntafræðings um bók hennar „Á hverju sitja ekki vorar göfugu kellingar“. Þar er lýst sambúð bóka og íslenskra kvenna á miðöldum og er í raun fjársjóður um kvennasögu og kvennameningu. Áhugaverð umfjöllun kallaði á spurningar og góðar umræður. Orð til umhugsunar voru í höndum Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur sem kynnti menntaverkefni í Kólumbíu sem hún hefur kynnst og hrifist af. Um er að ræða börn sem njóta takmarkaðra eða engra menntunartækifæra og unnið er með í gegnum listsköpun og tjáningu. Nokkrar umræður urðu í hópnum og ef til vill er þarna verkefni til að sameinast um að styrkja. Að loknum fundi bauðst konum að hlýða á Heilsuspjall um heilahreysti og nýttu nokkrar sér það meðan aðrar héldu til síns heima.

Þriðjudaginn 9. maí 2017 var fundur haldinn í sal Vinnuálastofnunar. Áfram vorum við á hamingjuhlóðum. Gestur fundarins var Hrefna Guðmundsdóttir sálfræðingur, sem hefur tekið virkan þátt í rannsóknum og umfjöllun um jákvæða sálfræði. Nýlega kom út bók hennar og Helenu Ólafsdóttur „*Why are Icelanders so happy*“ hugsuð fyrir ferðamenn en nýtist öllum. Hrefna flutti okkur hressilegt innlegg um hamingjufræðin og fór yfir rannsóknir sem sýna að grundvöllur hamingjunnar eru samskipti og sterk félagsleg tengsl. Inn á milli lagði hún fyrir hópinn skemmtileg og vekjandi verkefni sem sköpuðu líflegar umræður.

Ingibjörg Möller lék sér með orð og tengdi hugleiðingar sínar listilega við tíma og efni fundar. Hún rifjaði upp fleyg orð um konur og vináttu, benti á margræðni orða og hlutverk og tók sem dæmi orðið „á“ sem hefur margs konar merkingu og greina má í fimm orðflokka. Kjarnyrting og skemmtileg, góð orð til umhugsunar og veganesti út í vorið.

### **Starfsár Etadeildar 2017 – 2018**

Miðvikudaginn 10. október 2017 var fyrsti fundur haustsins og jafnframt afmælisfundur, haldinn í Bakkastofu á Eyrarbakka. Formaður setti fund og reifaði hugmyndir stjórnar um vetrarstarfið, minnti á samþykktir frá síðasta starfsári, gjöf til Göngum saman til minningar um tvær Etasystur og söfnun meðal félagskvenna til styrktar menntaverkefni í Kólumbíu. Þá var komið að meginefni fundarins en húsráðendur Ásta Krístrún og Valgeir Guðjónsson fræddu okkur um uppbyggingu staðarins og tíðaranda fyrri alda, sögu hússins, ýmissa muna og íbúa þess með ívafi ljúfra tóna úr lagasmiðju húsbóndans. Ásta las kafla úr væntanlegri bók sinni *Það sem dvelur í þögninni*. Þar segir frá lífshlaupi formæðra hennar allt aftur til ársins 1806, ástum og örlögum. Eftirminnileg og góð stund í Bakkastofu. Því næst var haldið í Eyrarbyggjakirkju, fræðst um sögu

kirkjunnar og altaristöflu Lovísu Danadrottningar (Kristjáns IX) í bland við hugljúfan tónlistarflutning Valgeirs. Samveru lauk svo í Rauða húsinu þar sem notið var dýrindis krása eðalkokka og góðrar samveru í systrahópi.

Þriðjudaginn 7. nóvember 2017 vorum við á tæknilegum nótum. Fundur hófst með heimsókn í hugbúnaðarfyrirtækið CCP en var fram haldið í hliðarstofu á Slippbarnum við Mýrargötu. Í CCP var okkur kynnt starfsemi og þróun fyrirtækisins, sem stofnað var 1997. CCP er í dag eitt af framsæknustu fyrirtækjum í leikjaiðnaði og hefur unnið til margra verðlauna.

Tölvuleikjaheimurinn er nokkuð fjarri okkur sem á hlýddum en forvitnilegur og ekki laust við að gætti fordóma sem talsvert sló á þegar vitnað var í rannsóknir og lærðar greinar. Áhugavert innlegg upplýsti að tölvuleikir nýttust við þjálfun ýmis konar færni og gætu m.a. spornað við elliglöpum. Kom fram að ýmislegt úr leikjunum nýttist í þjálfun flugmanna og skurðlækna. Spurningar dundu á fyrirlesara sem svaraði greiðlega og leysti hópinn út með veftenglum með frekari fróðleik. Fundi var síðan fram haldið í notalegri hliðarstofu á Slippbarnum þar sem líflugar umræður héldu áfram fram eftir kvöldi.

Jólafundur var haldinn þriðjudaginn 5. desember 2017 á heimili Bjargar Kristjánsdóttur.

Gestur að þessu sinni var Kristín Steinsdóttir rithöfundur sem las úr nýrri bók sinni *Ekki vera sár*. Sagan er um uppgjör konu á eftirlaunum og þær breytingar sem við taka á nýju æviskeiði. Fór ekki hjá því að margar könnuðust við ýmsa drætti í persónusköpun og umfjöllun höfundar. Góður hljómur var gerður að upplestrinum og sköpuðust fjörugar umræður milli fundarkvenna og Kristínar. Veitingar frá Jómfrúnni gældu við bragðlaukana og ljúfum og góðum vel sóttum fundi, sem styrkti vináttuböndin, var slitið um kl. 21:00.

Fimmtudaginn 28. febrúar 2018 var fundur haldinn í hliðarsal Kringlukráar. Gestur fundar var Ragnar Þór Pétursson verðandi formaður KÍ. Erindi sitt nefndi hann *Þegar orð fá vængi*. Kjarninn í máli hans var að menntun væri fólgin í því sem gerist í huga nemenda og til þess að árangur verði þurfa aðstæður að vera á þann veg að nemendum líði vel og þeir njóti sín á eigin forsendum. Mælingar segi ekki allt. Ragnar nefndi að umræða um skólamál væri oft óvægin, birtist í andúð á breytingum og byggðist á röngum upplýsingum. Hann gerir ekki lítið úr gagnrýni en telur að alvarleg kreppa sé í skólakerfinu sem taka verði á ef ekki eigi illa að fara. Í orðum til umhugsunar sagði Kristín Helga frá reynslu sinni í alþjóðanefnd DKG. Hvatti hún konur til að gefa kost á sér, það væri lærdómsríkt og gefandi og opnaði nýja sýn á starfsemi DKG. Konum lá mikið á hjarta og fjörugar umræður héldu áfram allt þar til fundi var slitið.

Mánudaginn 16. apríl 2018 var fundur haldinn á Hótel Íslandi. Gestur var Eva Bjarnadóttir stjórnmaláfræðingur og sérfræðingur í mannréttindamálum hjá Unicef. Erindi sitt nefndi hún *Vernduð í raun? Greining á viðbrögðum Norðurlanda við umsóknum barna um alþjóðlega vernd. Skýrsla unnin í samstarfi allra Norðurlandanna*. Fróðlegt og gott innlegg sem leiddi til upplýsandi samræða þar sem ótal spurningum var svarað. Í orðum til umhugsunar velti Ragnhildur Konráðsdóttir fyrir sér tengslum skólakerfis við þá tæknibyltingu sem ríður yfir

heiminn m.a. með tilkomu gervigreindar og sjálfkeyrandi bíla. Algjöra uppstokkun þarf á því hvaða hæfni og þekkingu framtíðarstarfsmenn þurfa að hafa, gera mætti ráð fyrir áherslu á sköpun og því mikilvægt að efla sköpunarkraft ungmenna. Konur hurfu af fundi margs vísari um fundarefnið.

Aðalfundur var haldinn miðvikudaginn 16. maí 2018 í Hannesarholti við Grundarstíg. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar, samþykkt reikninga og kosning nýrrar stjórnar. Gestur fundarins var Þórunn Björnsdóttir kórstjórnandi og DKG kona, sem sagði okkur frá verkefninu Tónlist fyrir alla í Kópavogi.

Fundarstjóri var Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir og fundarritari Hafdís Sigurgeirsdóttir.

Að lokinni skýrslu stjórnar bar gjaldkeri upp reikninga og lagði til óbreytt félagsgjald. Samþykkt.

Uppstillingarnefnd, skipuð Kristínu Á. Ólafsdóttur, Önnu Magneu Hreinsdóttur og Hafdís Sigurgeirsdóttur, gerði tillögu um konur í stjórn: Björg Kristjánsdóttir formaður, Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, Sophie Kofoed Hansen, Auður Elín Ögmundsdóttir og Ragnhildur Konráðsdóttir. Samþykkt einróma.

Að loknum aðalfundarstörfum var snæddur kvöldverður og hlýtt á fróðlegt og skemmtilegt erindi ÞB. Fundi lauk svo með samsöng undir stjórn Þórunnar og konur héldu glaðar út í vorið um kl. 21:00.

F.h. stjórnar Etadeildar  
Bryndís Guðmundsdóttir  
formaður



#### Petadeild

Fyrri starfsárið skipuðu stjórn Petadeildar Gerður Pétursdóttir formaður, Bjarnfríður Jónsdóttir og Árdís Hrönn Jónsdóttir meðstjórnendur og Sigurlína Jónasdóttir ritari og vefstjóri. Gjaldkeri var Kristín Helgadóttir. Seinna starfsárið fóru Bjarnfríður og Árdís Hrönn úr stjórn og inn komu Ingibjörg Hilmarsdóttir og Ása Einarsdóttir. Stjórnirnar funduðu reglulega eða að jafnaði 4 sinnum á ári.

Fjöldi félagskvemma hefur verið nokkuð stöðugur eða í kringum 30 konur á hverjum tíma. Fimm konur hafa hætt í Petadeild á þessu tímabili og þrjár bæst í hópinn og eru núverandi meðlimir 30 talsins. Fín mæting var á flesta fundi deildarinnar og var fjöldi þeirra sem mættu oft á milli 18-22. Fyrri starfsárið voru áherslupunktur stjórnar eftirfarandi:

1. Styrkja tengslanetið innbyrðis og út á við
  - a. Konur segja frá frá sjálfri sér og sínu starfi
2. Efla það sem við stöndum fyrir og samtökin



- a. Fara á Vorþing
  - b. Fara á Evrópuþing
3. Fjölmennning, hvað eru kennarar að erlendu bergi brotið að bera með sér
- a. Fá kynningu frá erlendum kennurum

Vel gekk að vinna með lið númer eitt og hafa kynni og tengsl innan Þetadeildar eflst á tímabilinu. Á fundum flutti formaður reglulega fréttir af alþjóða- og landsambandinu og hvatti deildarkonur til að mæta á fundi á þeirra vegum. Því miður gengur enn frekar illa að fá Þetakonur til að mæta á innanlandsþing en við eigum þó mjög öflugar konur sem hafa starfað á vettvangi landsambandsins, unnið þar í nefndum og verið í forystu. Varðandi lið þrjú þá höfum við á tímabilinu fengið áhugaverð erindi sem snúa að fjölmenningu ásamt því að fá í okkar góða hóp fleiri konur af erlendu bergi brotnar.

Seinna starfsárið var þemað landsstjórnar einnig haft að leiðarljósi ásamt því sem áhersla var lögð á að efla leiðtogaþæfni deildarkvenna. Mikil áhersla var lögð á það að virkja konur til starfa fyrir deildina og í lok starfsársins höfðu langflestar konur tekið að sér hlutverk í starfi deildanna. Sumar voru gestgjafar, aðrar skipulögðu fundi, voru með orð til umhugsunar, kynntu sig undir liðnum félagskona kynnir sig eða sinntu öðrum störfum fyrir deildina.

### **Innihald funda**

Starfið var með hefðbundnum hætti þessi ár, deildarkonum var skipt upp í litlar nefndir sem sáu um skipulagningu funda með aðstoða stjórnarkvenna.

Haldnir voru sex fundir á hvoru starfsári fyrir sig. Fundirnir voru haldnir víða á Suðurnesjum oftast á vinnustöðum deildarkvenna, veitingastöðum eða á heimilum félagskvenna. Boðið var upp á aðkeyptar veitingar og reynt að hafa þær fjölbreyttar og hagstæðar.

Á hverjum fundi var ein deildarkona með orð til umhugsunar og má segja að þar hafi verið farið um víðan völl. Innihald þessa liðs var t.d. samkennd, hópleit vegna brjóstakrabbameins, stjórnun og vellíðan á vinnustað, lykilatriði í menntun, fíkn, áhrif hennar á fíkilinn og aðstandendur, „aldur gerir fleira gott en rauðvín“ og kulnun. Svo sannarlega fjölbreyttur og skemmtilegur dagskrárliður. Nýr dagskrárliður var tekin upp í október 2017, „félagskona kynnir sig“ en undir þeim lið segir ein deildarkona frá uppruna sínum, æsku, menntun, fjölskyldu og starfi. Um helmingur deildarkvenna hefur kynnt sig á tímabilinu og við því náð að kynnast hvor annarri betur og styrkt tengslin.

Leitast var við að hafa dagskránnar sem fjölbreyttasta bæði hvað varðar fundarstað og innihald. Við fengum til okkar gesti með fróðleg erindi ásamt því sem deildarkonur tóku á móti okkur á vinnustöðum sínum og kynntu okkur starfseminu og verkefni sín.

### **2017-2018**

Í október 2017 bauð Kristín gjaldkeri okkur í leikskólann sinn Holt þar sem Anna Soffía leikskólakennari sagði frá Erasmus+ verkefni, Frá lýðræði til læsis. Leikskólinn tók þátt í eTwinning samstarfi við Spán, Pólland og Slóveníu. Unnið var með bókina Græni kötturinn eftir Önnu Soffíu. Á jólafundum 2017 fengum við nokkra góða gesti; Angela Marina B. Amaro frá Portúgal og Aleksandra Pitak frá Póllandi sögðu okkur frá jólahefðum í sínum löndum. Síðan kom Kjartan Már Kjartansson bæjarstóri í Reykjanesbæ og spilaði jólalög á fiðlu og ræddi við okkur um það sem er honum efst í huga þessa dagana og sagði okkur nokkrar gamansögur.

Starfið á vorönn hófst með bráðskemmtilegum bóka fundi á heimili formanns. Guðmundur Brynjólfsson rithöfundur sem uppallinn er á Vogum sagði frá sjálfum sér og bókum sínum. Framsaga Guðmundar vakti mikla lukku sem og veitingar sem formaður töfraði fram úr eldhúsi sínu. Í febrúar 2018 tóku Þetakonurnar Elín og Ása á móti okkur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hittum við þar Ívar Valbergsson, fagstjóra í vélstjórn í FS. Ívar sagði frá starfi sínu en hann hefur farið ýmsar óhefðbundnar leiðir í kennslu. Í mars 2018 var ferðinni heitið til Grindavíkur en þar fóru fram stjórnarskipti og yfirgáfu þær Árdís Hrönn Jónsdóttir og Bjarnfríður Jónsdóttir stjórn og í þeirra stað koma Ása Einarsdóttir og Ingibjörg Hilmarsdóttir. Gestur fundarins var Guðlaug Erlendsdóttir aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Grindavíkur og sagði hún frá dvöl sinni í Malaví og kynnti fyrir okkur skólustarfið þar ásamt menningu innfæddra. Vorferð Þetadeildar var með öðrum blæ þetta árið. Deildin tók á móti fróðleiksfúsum og fjörugum gestum frá Epsilondeildinni. Dagurinn hófst í Duushúsum þar sem Valgerður menningarfulltrúi bæjarins og Þetasystir leiddi gestina um allar sýningar húsanna af sinni alkunni snilld. Eftir hádegisverð var haldið í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem iðaði af lífi þennan dag en þar stóðu yfir píanódagar. Þær Þetasystur Karen aðstoðarskólastjóri og Geirþrúður deildarstjóri sögðu stoltar frá starfi skólans og Ester píanónemandi spilaði fyrir hópinn. Að sjálfsgöðu var kíkt við í Rokksafninu í Hljómahöll. Ferðin endaði í frumkvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú hjá Fidu í GeoSilica og Helgu hjá Mýr Design.

### **2018-2019**

Starfsárið 2018 hófst með hefðbundnum hætti um miðjan september 2018 þar sem ný stjórn kynnti sig og lagðar voru línurnar fyrir veturinn. Nýr félagi var tekinn inn í deildina en það var Anna Soffía Walhström. Lögð voru drög að fjölgun félaga og óskað eftir tilnefningum fyrir næsta fund. Á októberfundinum bauð Fanney Dórothea Halldórsdóttir, sviðstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðarbæjar heim og kynnti starfsemi sviðsins. Því næst var kosið um þær tilnefningar sem borist höfðu um nýja félaga. Fundurinn endaði á veitingastaðnum Tilveran þar sem borðuð var mjög ljúffeng humarsúpa og ferskt salat. Þann 26. nóvember 2018 héldu Þetakonur upp á 20 ára afmæli deildarinnar á hóteli Park Inn, Reykjanesbæ. Frábær mæting var á fundinum og mættu 27 af 30 deildarkonum. Þriggja manna nefnd ásamt stjórn skipulagði fundinn og var hann allur hinn glæsilegasti. Guðbjörg Sveinsdóttir var með orð til umhugsunar og fór hún yfir sögu deildarinnar ásamt því að fjalla sérstaklega um hvað einkunnarorðin vinátta, hjálpssemi og trúmennska standa fyrir. Lára Guðmundsdóttir fyrsti formaður deildarinnar fór með annál og Jóna Benediktsdóttir forseti landssambandsins tók til máls. Snæddur var tvíréttaðir kvöldverður, hlustað á gamanmál frá Ara Eldjárn og tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Að lokum voru stofnfélagar sem enn starfa í deildinni heiðraðir.

Í janúar 2019 var bóka fundur haldinn á heimili Guðbjargar Sveinsdóttur sem bauð upp á frábæra fiskisúpu og köku. Sex gestir sem eru í inntökuferli tóku þátt í fundinum. Að þessu sinni kynntu félagskonur bækur sem þær hafa lesið og hrifist af og úr því var hinn fínasti leslisti sem birtur var á facebókarsíðu Þetadeildar. Febrúarfundurinn var haldinn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Louise Loweng sem er leikskólastjóri í Bretlandi sem hefur verið í samstarfi við leikskólann Holt í Reykjanesbæ var gestur fundarins ásamt tveimur kennurum þeim Helen Lawrence og Tönju Brandt frá Danmörku. Louise fjallaði um skapandi starf með börnum í anda Reggio Emilia og

sýndi myndir og myndbönd frá skólastarfinu í hennar skóla. Fyrirlesturinn var mjög fróðlegur og skemmtilegur. Marsfundurinn var haldinn í Sandgerðisskóla en þar tók Hólmfríður Árnadóttir, skólastjóri Sandgerðisskóla á móti okkur og sagði frá starfinu í skólanum og þeim verkefnum sem verðið er að vinna þar.

Það voru 17 hressar Þetakonur sem héldu á vit ævintýrana á suðurlandinu í apríl þar sem Epsilonkonur tóku á móti þeim. Byrjað var á að heimsækja Þorlákskirkju þar sem Rán kirkjuvörður sagði frá kirkju og garði. Því næst var farið á kaffihúsið, Hundur í Höfn þar sem snædd var dýrindis epla/gulrótasúpa. Eftir matinn var ekið austur fyrir Ölfusá og skoðað Húsið og Konubókasafnið. Ferðin var fróðleg og skemmtileg og Epsilonkonur góðir gestgjafar.

Gerður Pétursdóttir  
Formaður Þetadeildar



#### lotadeild

Stjórnin hittist í byrjun september eftir að Helga var búin á formannafundi í borginni. Rætt var um hvaða fræðslu við vildum fá í vetur og skiptum með okkur verkum. Ákveðið var að horfa inn á við og fá fræðslu um erindi tengt því ásamt erindum um það sem fólk hefur verið að gera vel í okkar samfélagi. Einnig var ákveðið að fá til okkar gest úr borginni sem er í DKG. Kristín Jónasardóttir hætti í stjórn og ákvað líka að koma ekki á fundi í vetur þar sem hún var að fara á nýjan starfsvettvang.

Á fundi 2. október hélt Guðlaug M. Júlíusdóttir félagsráðgjafi erindi um geðheilbrigði sem var mjög fróðlegt. Fundurinn var haldinn í Menntaskólanum á Ísafirði.

7. nóvember sagði Nanný Arna Guðmundsdóttir okkur frá gönguferð sinni um Jakobsveginn. Fundurinn var haldinn í grunnskólanum á Ísafirði. Á þessum fundi tókum við inn nýja félagskonu, Kristínu Björk Jóhannsdóttir.

6. desember var fundi frestað þar sem búíð var að vera leiðindaveður og mjög dræm þátttaka tilkynnt á fundinn.

8. janúar 2018 var bókafundur heima hjá Helgu Björk Jóhannsdóttir formanni. Félagskonur komu með áhugaverðar bækur sem þær höfðu lesið og sögðu frá þeim.

6. febrúar sagði Harpa Guðmundsdóttir segja okkur frá starfsemi Vinnuvers sem nýlega opnaði í nýju húsnæði og þar fór fundurinn fram. Vinnuver er með margþætta starfsemi þar sem fólk sem ekki hefur verið á vinnumarkaði getur hisst og unnið ýmiss verkefni þar s.s. er þar dósamóttaka og nytjamarcaður. Það var mjög áhugavert að hlusta á Hörpu kynna starfið og skoða glæsileg húsakynni þeirra.

7. mars var fræðsluerindi sem bar heitið Hvernig leiðtogi er ég?. Ingibjörg Jónasdóttir kom til okkar frá Reykjavík og hélt þetta fróðlega erindi með fræðslu til okkar. Á þessum fundi tókum við inn tvo nýja féлага, þær Pernillu Rein og Bryndísi Gunnarsdóttir. Fundurinn var haldinn í húsnæði Rauða krossins.

9. apríl aðalfundur, Iota deildar var haldinn í Grunnskóla Bolungarvíkur. Hefðbundinn fundur með stjórnarkjöri. Í stjórn voru kjörnar Steinunn Guðmundsdóttir formaður, aðrar í stjórn Barbara Gunnlaugsson, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Helga Björg Jóhannsdóttir og Dagný Sveinbjörnsdóttir gjaldkeri.

15. maí var síðasti fundur vetrarins. Iota konur hittust við Edinborgarhúsið á Ísafirði. Þaðan var gengið um Eyrina í fylgd Jónu Símoníu. Á göngunni fræddi Jóna Símonía konur um sögu nokkurra merkra húsa á leið þeirra að veitingastaðnum Húsinu en þar var snædd dýrindis fiskisúpu.

### **Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2017 – 2018**

Nýskipuð stjórn hittist í byrjun september og skiptu stjórnarkonur með sér verkum. Stjórnin er eftirfarandi:

Steinunn Guðmundsdóttir formaður  
Barbara Gunnlaugsson varaformaður  
Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir ritari  
Helga Björk Jóhannsdóttir meðstjórnandi  
Dagný Sveinbjörnsdóttir gjaldkeri

Farið var yfir starfið fyrir komandi vetur. Ákveðið var að halda þrjá fundi fyrir áramót og þrjá eftir áramót. Ákveðið var að vera ekki með fast þema þennan veturinn en stefna að því að kynnast ýmsum viðfangsefnum sem finna má á svæðinum hvort sem það tengdist einhverjum ákveðnum stofnunum eða einstaklingum. Takmarkið var að kynnast einhverju um menntun, menningu, listum, nýsköpun, frumkvöðlun, móttöku og aðstoð við flóttafólk. Einnig ákvað stjórnin að fundirnir skyldu haldnir á mismunandi stöðum. Viðfangsefnin deildust síðan niður á fundina allt eftir því hvernig tókst til með að fá viðmælendur og/eða að komast í heimsókn í stofnanir.

Fyrsti fundurinn var haldinn í október á Þingeyri. Þar heimsóttum við Blábankann, þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð sem heldur utan um ýmsa þjónustu fyrir íbúa Þingeyrar og aðra þá sem áhuga hafa á að nýta sér aðstöðu til hugmyndavinnu og sköpun. Haukur Sigurðsson tók á móti okkur og sagði hann okkur frá starfsemi Blábankans, hann sýndi okkur m.a. samverustund í bankanum í gegnum sýndargleraugu og var það einstök upplifun. Formlegur fundur fót síðan fram á heimili Kristínar Bjagar. Á fundinum voru markmið samtakanna rifjuð upp, dagskrá vetrarins kynnt og lögð áhersla á að deildarkonur væru vikar og mættu á fundi og tækju þátt í starfinu á landsvísu. Farið var yfir síðasta fréttabréf forseta DKG, Evrópu þingið 25. – 27. júlí kynnt og konur hvattar til að taka dagana frá, rætt var um persónuverndarlögin og samræmdu könnunarprófin í 4. og 7. bekk.

Næsti fundur var haldinn í nóvember á Flateyri. Þar tók á móti okkur Helena Jónsdóttir skólastjóri Lýðháskólans. Sagði hún okkur frá tildrögum stofnunar skólans og fór yfir skipulag kennslunnar og helstu viðfangsefnum. Lögð er áhersla á að einstaklingurinn uppgötvi sjálfan sig og styrkist í samvinnu og starfi með öðrum nemendum. Aldursbil nemenda er mikið sá yngsti er 18 ára en sá elsti 62 ára virðist þessi breiði aldur ekki koma að sök. Nemendur búa þrír til fjórir saman í litlum húsum. Í skólanum er fjölbreytt félagslíf og hefur félagslíf sett svip á þorpið og eru heimamenn duglegir að taka þátt í uppákomum.

Að kynningu á Lýðháskólanum hélt fundurinn áfram með hefðbundnum hætti. Orð til umhugsunar var á hendi Pernillu Rein sem fór með okkur í skemmtilegt “ferðalag”. Hún byrjaði á að dreifa þurrkaðri jurtt sem hún bað okkur um að lykta að og í framhaldi ræddi hún um hvað færi í gegnum hugann og hver upplifunin væri. Sumar okkar fundu fyrir ýmiskonar áhrifum frá útivist í náttúrunni, aðrar jafnvel ilm af matreiðslu. Á þessum fundi tókum við eina félagskonu, Vilborgu Ásu Bjarnadóttur. Mikil hvatning hefur verið um að taka myndir af öllum konum í deildunum og setja í félagatalið, á þessum fundi voru nokkrar myndir teknar og nokkrar voru tilbúnar með myndir sem þær ætluðu að senda inn.

Desember fundurinn var haldinn á Hótel Ísafirði. Deildin bauð upp á smurbrauð að hætti hússins við mikla ánægju félagskvenna. Rifjuð voru upp stofnun samtakanna í Austin í Texas 1929 og sagt frá hvenær fyrsta deildin var stofnuð hér á landi þ.e. Alfadeildin 1975. Jóna Benediktisdóttir fór með orð til umhugsunar og var henni mikið niðri fyrir. Orð hennar fjölluðu um framkomu, kurteisi og mannsiði í framhaldi af umræðunni sem var í gangi í samfélaginu um þessar mundir (Klausturmálið). Almennar umræður urðu í framhaldi af orðum hennar. Gestur fundarins var Herdís Hubner grunnskólakennari og bókafýðandi. Herdís sagði okkur frá þýðingarvinnunni sinni og hvernig það atvikaðist að hún fór að fást við þýðingar. Sýndi hún okkur nýjustu bækurnar sem hún hefur þýtt. Útgefnar bækur í hennar þýðingu eru fimm árið 2018. Á fundinum voru dregnir fram nokkrir punktar úr fréttabréfi landsforseta, sagt frá undirbúningi við alþjóðaráðstefnuna í sumar og landssambandsþinginu í maí. Sagt frá námsstyrkjasjóðnum og konur hvattar til að fylgjast með heimasíður samtakanna þar er margt áhugavert að sjá og lesa um starf annarra deilda.

Sú hefð er komin í fastar skorður að halda svokallaðan bókafund í janúar. Fundurinn hófst með hefðbundnum hætti, eftir nafnakall voru fluttar fréttir frá landsforseta. Þá var komið að bókakynningunum. Það kemur alltaf á óvart hversu fjölbreytt lesefni konurnar hafa valið að segja frá. Bækur sem kynntar voru til sögunnar að þessu sinni voru bærði nýútkomar og eldri, innlendar og erlendar. Skapaðist mjög skemmtilegar umræður og skoðanaskipti.

Mars fundurinn var haldinn í Háskólasetrinu á Ísafirði. Á þann fund fengum við til okkar Lindu Dröfn Gunnarsdóttur verkefnisstjóra um móttöku flóttafólks á Vestfjörðum. Á síðasta ári komu hingað á svæðið fimm fjölskyldur frá Sílandi og Írak alls 23 einstaklingar. Búa fjölskyldurnar á Ísafirði, Flateyri og í Súðavík. Í máli Lindu kom fram að öll aðstoð við flóttafólkið hafi verið unnin í samstarfi við Rauða krossinn. Mikil fræðsla þarf að fara fram og kynning á alls konar

réttindum, útvega túlka, húsnæði, koma á íslenskukennslu, tengja við heilbrigðisþjónustuna, aðstoða við atvinnuleit og margt og margt. Fólkinu hefur vegnað vel og flestir í vinnu og börnin sækja leik-, grunn- og framhaldsskóla. Heiðrún Tryggvadóttir var með Orð til umhugsunar, féllu orð hennar algjörlega að fræðslu og kynningu Lindu á komu flóttafólksins. Í máli Heiðrúnar koma fram að þeim nemendum sem eru flóttamenn og koma í menntaskólann á vegum sveitafélaganna fylgi fjármagn og túlkur en komi flóttanemandi á annan hátt fylgir ekkert fjármagn né aðstoð. Vildi Heiðrún leggja áherslu á hversu ólíkt væri tekið á móti flóttafólki. Þetta er stórt samfélagsmál og það á að taka vel á móti þessu fólki og gera það vel. Enn á ný var farið yfir fréttir frá landsforseta, vefurinn okkar var nefndur sem og skráning á félagatalinu. Auglýst var eftir vefstjóra og gaf Kristín Björk kost á sér.

Síðasti fundur þessa vetrar verður haldinn í lok apríl í Tónlistaskólanum á Ísafirði. Þá verður Iwona Samson með Orð til umhugsunar og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir kynnir mastersritgerð sína frá því í nóvember s.l. heiti ritgerðarinnar er: Þetta er það sem ég elskaði að gera : reynsla kennara af áreitni nemenda og foreldra.

Fyrir hönd stjórnar IOTA  
Steinunn Guðmundsdóttir



### Kappadeild

**Stjórn Kappadeildar veturinn 2017-18** skipuðu eftirtaldar konur: Guðrún Edda Bentsdóttir formaður, Ingibjörg S. Guðmundsdóttir varaformaður, Anna Guðrún Hugadóttir meðstjórnandi og Júlíana S. Hilmisdóttir ritari. Áslaug Ármannsdóttir var gjaldkeri deildarinnar.

**Stjórn Kappadeildar veturinn 2018-19** skipuðu eftirtaldar konur: Ingibjörg S. Guðmundsdóttir formaður, Hildur Elín Vignir varaformaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir meðstjórnandi og Ragnheiður Axelsdóttir ritari. Áslaug Ármannsdóttir var gjaldkeri deildarinnar.

**Kappasystur eru 25.** Haustið 2017 var 1 ný kona tekin inn í deildina og voru 25 konur í deildinni þann vetur þar af tvær lítið virkar vegna veikinda og flutninga. Haustið 2018 voru 2 nýjar konur teknar í inn í deildina en 2 hættu vegna flutninga út á land.

Stjórn Kappadeildar býr til **starfsáætlun** fyrir árið á haustin og leggur fyrir fyrsta deildarfund til umræðu og afgreiðslu. Þar eru fundir dagsettir og ákveðið hvert skuli vera þema starfsársins og er þá horft til stefnu og markmiða DKG. Konum í deildinni skipað í umsjónarhópa með einstaka fundum og í raun falin dagskráin. Þess er gætt að allar konur taki þátt. Stjórnin hefur umsjón með fyrsta og síðasta fundi starfsársins.

Eftirfarandi er minnislisti umsjónarhópa:

- Orð til umhugsunar
- Viðfangsefni fundar – fyrirlesari

- Tími og staðsetning
- (Ef fundur er haldinn á veitingahúsi) Hafa samband við veitingahús, panta borð og veitingar
- (Ef fundur er haldinn í heimahúsi) Hver sér um veitingar – hver kemur með hvað
- Tilkynna formanni / stjórn viðfangsefni, staðsetningu og tíma með 2ja vikna fyrirvara
- Auglýsa fund með 10 daga fyrirvara – dagskrá fundar unnin í samráði við formann

Þema deildarinnar undanfarin tvö ár hefur verið **Konur í fararbroddi**. Áhersla DKG á Íslandi er inn á við og að láta starfið blómstra.

Þetta skipulag hefur reynst mjög vel og fundirnir verið fjölbreyttir, fræðandi og skemmtilegir. Fasti dagskrárliðurinn á öllum fundum deildarinnar, Orð til umhugsunar, er mjög góður og gefandi því að reynslan og spekin sem frá konunum kemur undir þessum lið er alltaf uppbyggjandi og fróðleg. Ég mun nú rekja það efni sem tekið hefur verið fyrir á fundum deildarinnar þessi tvö starfsár.

### **Veturinn 2017-18**

Kappa-deildin hélt sjö fundi þennan vetur.

**Fyrsti fundur** starfsársins var haldinn 28. sept. sl. og hófst í fyrirtækinu Tröppu sem hefur sérhæft sig í að nýta upplýsinga- og samskiptatæknina til að bjóða upp á þjónustu sem oft er erfitt að bjóða í minni sveitarfélögum, s.s. þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga. Kappa-systur funduðu síðan á Geysi Bistro í Aðalstræti þar sem Sigríður H. Jónsdóttir, Kappa-systir, stofnandi SHJ-ráðgjafar og formaður fræðslunefndar Garðabæjar veitti Kappa-systur innblástur með orðum til umhugsunar um hugrekki.

**Næsta fund** héldu Kappa-systur 30. okt. 2017 í Veröld – húsi Vigdísar, fengu kynningu á starfsemi hússins ásamt leiðsögn. Kappa-systur snæddu síðan saman dýrindis kvöldverð á veitingastaðnum Satt á Hótel Natura og þar deildi Sólborg Alda með okkur mjög persónulegum hugleiðingum um áfangana í sínu lífi.

**Jólafundur** var haldinn 28. nóv. á heimili Hildar Elínar Vignis. Valgerður Magnúsdóttir sagði frá grúski sínu í sögu formæðra sinna en hún ætlar að gefa hverju barnabarni eitt eintak af sögu þeirra. Dagur Hjartarson, skáld og rithöfundur, heiðraði fundinn með nærveru sinni og las upp úr nýútkominni ljóðabók sinni, Heilaskurðaðgerðin. Að sjálfsgöðu snæddu Kappa-systur hefðbundinn jólamat auk þess að njóta gefandi samveru í nærveru jólanna.

**Hefðbundinn bókafundur** var haldinn í húsnaði Starfsmenntar, Skipholti 17. janúar. Auk hefðbundinna fundarstarfa var kynning á þremur bókum. Gunnhildur Óskarsdóttir sagði frá og las upp úr bókinni *Vertu ósýnilegur* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Anna K. Sigurðardóttir kynnti bókina *Sleptu mér aldrei* eftir nóbelsverðlaunahafann Kazuo Ishiguro. Erla Guðjónsdóttir hafði orðið fyrir áhrifum frá jólahugleiðingu Valgerðar Magnúsdóttur og var farin að grúska í

sögu formæðra sinna. Hún hafði því hrifist af bók Ástu K. Ragnarsdóttur, *Það sem dvelur í þögninni*. Allar vöktu bækurnar Kappa-systur til umhugsunar um ýmis svið tilverunnar og urðu líflegar umræður í kjölfar hvernar kynningar. Hver bók snerti viðkvæman streng í lífi hvernar konu og hafa örugglega margar leitast við að lesa þær bækur sem kynntar voru að loknum fundinum.

**Fimmti fundur** starfsársins hófst í húsakynnum landssamtakanna Heimili og skóli. Guðbergur K. Jónsson sagði frá því helsta í starfi samtakanna en einkum þó *SAFT*-netöryggisverkefninu sem er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu-og nýmiðlanotkun barna og unglinga. Lykill að góðum árangri verkefnisins er samstarf við ungmennaráð sem er til ráðgjafar við starf verkefnisins. Hefðbundnum fundarstörfum var haldið áfram á veitingastaðnum Pottinum og þönnunni en þar er minni salur sem hægt er að loka af fyrir minni hópa.

**Kappa-deildin hélt sinn 6. fund** 16. apríl sl. á heimili Herdísar Ö. Friðfinnsdóttur í Mosfellsbæ. Aðalfyrirlesari á þeim fundi varð Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir, markþjálfari, sem sagði frá starfi sínu í skólasamfélaginu, m.a. í Álftanesskóla og grunnskólanum NÚ. Herdís Anna flutti Orð til umhugsunar og fjallaði þar um þá gleði sem allir geta fundið með því að eiga sér áhugamál. Hver og einn tæki „hænskref nær hamingjusólinni“ með því að eiga sér fjölbreytt áhugamál.

**Sjöundi** og síðasti fundur Kappa-deildar starfsárið 2017 – 2018 sem einnig var aðalfundur var haldinn í Þorlákshöfn 17. maí þrátt fyrir afar óhagstæða veðurspá. Í Þorlákshöfn tóku á móti okkur Ásgerður Eiríksdóttir, félagi í Epsilon-deild DKG og Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir, formaður deildarinnar. Vegna veðurs óku þær með okkur um bæinn og sögðu frá því helsta sem fyrir augu bar. Fyrst var ekið niður að höfn og skoðaðir s.k. dolásar sem eru e.k. einkennismerki Þorlákshafnar og listaverkið við höfnina sem er knörr eftir Erling Ævarr Jónsson sem einnig hefur gert listaverk um Auði djúpúðgu sem prýðir annan stað í bænum. Síðan var ekið að Þorlákskirkju þar sem Rán Gísladóttir, kirkjuvörður, tók á móti hópnum, sýndi honum kirkjuna og sagði frá sögu hennar og helstu munum. Síðan var ekið að Egilsbraut þar sem þjónustufúðir fyrir aldraða, dagdvöl og tómstundastarf er til húsa. Sigrún Theódórsdóttir sem er forstöðumaður þjónustunnar tók á móti hópnum og sýndi okkur aðstöðuna. Varð einhverjum á orði að best væri að flytja til Þorlákshafnar sem fyrst til að fá þarna inni þegar þar að kæmi. Svo vel leist Kappa-systum á aðstöðuna og þá þjónustu sem þar var í boði fyrir eldri borgara Þorlákshafnar.

Ásgerður bauðst til að hýsa vorfund/aðalfund deildarinnar á heimili sínu, Oddabraut 1 sem var vel þegið af Kappa-systrum. Þá var gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa.

Að loknum aðalfundi var klappað sérstaklega fyrir nýrri stjórn og þeim Ásgerði og Ingibjörgu voru færðar rósir með þakklæti fyrir að taka svona vel á móti hópnum og Ásgerði sérstaklega fyrir að hýsa fundinn.

Síðan var snæddur kvöldverður á veitingastaðnum Hendur í höfn þar sem boðið var upp á gómsætan mat sem er að mestu unninn úr hráefnum úr héraði.

**Veturinn 2018-19**



**Fyrsti fundur** starfsársins var haldinn í Breiðfirðingabúð. Ingibjörg S. Guðmundsdóttir nýr formaður kappadeildar setti fundinn með því að kveikja á kertum trúmennsku, hjálpssemi og vináttu. Hún bauð Dagnýju Huldu Broddadóttur og Soffíu Vagnsdóttur velkomnar en þær voru gestir fundarins. Ingibjörg kynnti síðan vefsíðu Delta-Kappa-Gamma og hvatti fundarkonur til að kynna sér vel það efni sem þar er að finna. Inn á vefsíðunni er aðgangur að síðu Kappadeildar. Sólborg Alda sér um að setja þar inn efni frá deildinni. Þar er að finna starfsáætlun fyrir veturinn, myndir, fundargerðir og félagatal. Kappadeild hefur fengið vottun á síðuna. Landssambandsþing verður haldið í Reykjavík laugardaginn 4. maí en Kappa og Alfa deildir sjá um undirbúning. Evrópuráðstefna samtakanna verður haldin á Íslandi dagana 25.- 27. júlí í sumar. Guðrún Edda hvatti konur til að sækja um styrk hjá stéttarfélagum sínum til að sækja Evrópuráðstefnuna. Að þessu loknu fór Ingibjörg yfir starfsáætlun 2018-2019. Áhersla DKG á Íslandi er inn á við og að láta starfið blómstra. Hulda Anna Arnljótsdóttir flutti kappakonum orð til umhugsunar. Hún fjallaði um þá lífsreynslu sína að greinast með krabbamein og hvernig hún hefði að lokinni meðferð staðið frammi fyrir ákveðinni endursköpun, bæði líkamlega og andlega.

**Annar fundur** starfsársins hófst að Gljúfrasteini þar sem Kappakonur fengu leiðsögn Guðnýjar Dóru Gestsdóttur um sýninguna „Frjáls í mínu lífi“. Sýningin er tileinkuð Auði Laxness, handverki hennar og hönnun en í ár eru 100 ár frá fæðingu hennar. Á sýningunni mátti sjá einstakt handverk Auðar s.s. Maríuteppið sem hún saumaði handa Halldóri í tilefni Nóbelsverðlaunanna, prjónastykki, útsaumsverk innblásinn af Picasso, milliverk í sængurfötum og margt fleira. Árið 2002 fékk Auður stórriddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til íslenskrar menningar. Að lokinni leiðsögn var haldið í Mosfellsbæ á veitingastaðinn Blik þar sem snæddur var kvöldverður. Gunnlaug Hartmannsdóttir flutti kappakonum orð til umhugsunar þar sem útgangspunktur hennar var: Hvert leiðir lífið okkur? Gunnlaug skildi okkur eftir með spurninguna: Hvaða leið förum við að ákvörðunum okkar? Anna Kristín Sigurðardóttir bauð kappakonum að koma á viðburð á Menntavísindasviði Háskóla Íslands þann 22. nóvember kl. 15 en þá verður haldið upp á framgang og ráðningu hennar í prófessorsstöðu.

**Þriðji fundur** vetrarins, jólafundur var haldinn á heimili Áslaugar Ármannsdóttur 4. desember. Dagný Broddadóttir var tekin inn í Kappadeild með formlegum hætti. Auk þess var Soffía Vagnsdóttir boðin velkomin í Kappadeild en hún skipti um deild vegna flutninga í höfuðborgina. Kappakonur gleðjast mjög að fá þessar öflugur konur til liðs við sig. Kappakonur nutu síðan jólamatar. Eva Rún Snorradóttir sjálfsætt starfandi sviðslistarkona og ljóðskáld las upp úr ljóðabók sinni „Fræ sem frjóvgar myrkrið“. Ljóðin í bókinni fjalla meðal annars um misspennandi leyndarmál. Áslaug stóð síðan fyrir leik þar sem Kappakonur öttu kappi um að finna lausnarorð sem öll enda á -ull. Hefðbundinn jólapakkaleikur var því næst á dagskrá og hafði að þessu sinni tekið óvænta stefnu eftir umræður Kappakvenna fyrir jólafundinn. Allir pakkar kvöldsins innihéldu eitthvað nýtilegt og umhverfisvænt. Valgerður Magnúsdóttir hafði hrundið þessari þörfu umræðu af stað. Hún ásamt, Sigríði Huldu Jónsdóttur og Erlu Guðjónsdóttur vöktu okkur síðan til enn frekari umhugsunar um eyðslu og sóun. Af umræðum sem urðu er ljóst að

margar Kappakonur hugsa í daglegu lífi um þetta málefni. Soffía Vagnsdóttir tók síðan upp gítarinn og leiddi Kappakonur í söng.

**Fjórði fundur** vetrarins, bókafundur, var haldinn á heimili Guðrúnar Eddu Bentsdóttur 17. janúar. Þrjár Kappakonur sögðu frá bókum og tengdu umfjöllun sína Orðum til umhugsunar og þema vetrarins Konur í fararbroddi. Sólveig Jakobsdóttir sagði frá áhrifaríkri **bók Sally Magnusson „Sagnaseiður“** þar sem fjallað er um atburðina árið 1627 þegar sjóræningjar úr Barbarínu fóru ránshendi um strendur Íslands og rændu yfir 400 Íslendingum, þar af 250 frá Vestmannaeyjum. Meðal þeirra voru annar presturinn í Heimaey, eiginkona og börn. Í bókinni er dregin upp mynd af örlögum prestfrúarinnar Ástu Þorsteinsdóttur, sem seld var í ánaud í Alsír. Sólveig sagði frá tilviljunum sem urðu upphaf af skemmtilegri atburðarás sem leiddi til kynna hennar við Sally í heimsókn til Íslands. Sólveig keypti bókina á flugvelli í Edinborg og hafði í framhaldi samband við Sally til að segja henni frá texta Jóns Þorsteinssonar píslavotts sem hálfshöggvin var í Tyrkjaráninu og frænka hennar Arnþrúður Lilja Þorbjörnsdóttir útsetti lag við. Kirkjukór Vestmanneyja flutti lagið í heimsókn Sallyjar þangað. Væntanlega hefur Ásta Þorsteinsdóttir, aðalsöguhetjan í bókinni sungið þennan texta sem ung kona í Eyjum en við annað lag. Sólveig leiddi síðan söng okkar í þakklætissálmi Jón Þorsteinssonar. Guðný Gerður Gunnarsdóttir fjallaði því næst um **ævisögu Michelle Obama „Becoming“**. Guðný Gerður hlustaði á bókina í þrettán klukkustunda flugi til Buenos Aires. Bókin er þrískipt. Fyrsti hlutinn fjallar um uppvöxt hennar í Suðurhluta Chicago sem einkenndist af fjölskyldugildum og stöðugleika. Hvernig hún byggir upp eigin sjálfsmynd í þessari deiglu lífsins og brýst til mennta. Saga Bandaríkjanna á þessum tíma speglast í sögu Michelle sem er meðvituð um eigin forréttindastöðu og sem fyrirmynd fyrir aðra. Annar hlutinn er ástarsaga þeirra hjóna, fjallar um ólíkan uppruna þeirra og viðhorf. Hvernig hún reynir að standa gegn pólitísku brólti eiginmannsins en ákveður að leyfa honum að prófa að komast á þing þar sem litlar líkur eru á kjöri. Fyrr en varir er Obama kominn á þing og þau orðin meira; forsetahjón Bandaríkjanna þar sem Michelle verður ljóst að hún er sjálf að skrifa söguna. Hefur vettvang með engri starfslýsingu og notar þau tækifæri til að vinna að hag ungs fólks og koma skilaboðum á framfæri. Marsibil Ólafsdóttir endaði síðan bókaumfjöllunina og sagði frá **bók Auðar Övu „Ungfrú Ísland“**. Sögusvið bókarinnar er Reykjavík árið 1963. Bókin segir frá ungrri skáldkonu Heklu sem flytur vestan úr Dölum með handrit í fórum sínu, getur ekki annað en skrifað á tímum þar sem karlmenn fæðast skáld en konur eru eiginkonur, heima yfir börnum og býðst helst að taka þátt í fegurðarsamkeppni. Marsibil las ýmsar tilvitanir í bókina þar sem fjallað er um sköpunarþrá og leitina að fegurðinni og tengdi við það sem hefur verið í gangi í samfélaginu fyrr og nú. Hún sagði meðal annars frá skáldkonunni Huldu sem vann keppnina um ættjarðarljóð fyrir alþingishátíðina árið 1930 undir dulnefni karlmanns. **Orðin til umhugsunar** úr bókum þessara kvenna tengdust meðal annars reynslu kynslóðanna og okkar eigin og mikilvægi tengslanetsins, að láta ekki bugast, takst á við sjálfsefann og stefna að sínum markmiðum. Önnur mál: Guðrún Edda var tilnefnd til framboðs til stjórnar Landssambandsins. Ingibjörg hvatti konur til að fjölmenna á Alþjóðaráðstefnuna í júlí. Anna Kristín verður þar með eitt af aðalerindunum og margar Kappakonur vinna núna í nefndum við skipulagninguna. Landsambandþingið verður 4.

maí nk. en þar mun Áslaug gjaldkeri þurfa að mæta vegna nýrra reglna um innheimtu félagsgjalda. Þá fékkst samþykki félagskvenna til að birta ID númer í félagatali.

**Sameiginlegur fundur þriggja deilda.** Alfadeild bauð Kappa- og Gammadeild að vera með á fundi með Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra þann 11 febrúar. Þar kynnti ráðherrann nýja stefnu sína og ríkisstjórnarinnar í menntamálum. Þessi fundur var vel sóttur og gaf ráðherra sér góðan tíma til að svara fyrirspurnum og spjalla við fundarkonur.

**Fimmti fundur** deildarinnar var 27. febrúar þar sem byrjað var á að heimsækja Bessastaðakirkju. Erla Guðjónsdóttir Kappasystir var með fræðslu um þessa merkilegu og fögru kirkju. Að lokinni heimsókn í kirkjuna var haldið að heimili Erlu á Álftanesi. Gunnhildur Óskarsdóttir flutti kappakonum Orð til umhugsunar og lagði þar út frá hugtakinu samkennd. Hún sagði þar frá leið sinni að verkefni þar sem fókusinn var á að kennaranemar fengju reynslu af kennslu barna af erlendu bergi. Í framhaldi af frásögn kynnti Gunnhildur gest kvöldsins Nínu Helgadóttur en hún er teymisstjóri flóttamannamála hjá Rauða krossi Íslands. Nína sagði frá starfi sínu og varpaði ljósi á ýmsar hliðar sem snúa að aðstoð við flóttamenn, mennsku og samkennd. Hún sagði einnig frá samvinnu ráðuneytis, sveitarfélaga og Rauða krossins á Íslandi. Hverjir það eru sem hafa komið sem kvótaflóttamenn frá árinu 1956 og ýmsu sem fólkið glímir við s.s. tungumálaerfiðleikum, áföll, söknuður og samviskubit. Að loknu erindi Nínu var borin fram dýrindis súpa og brauð, kaffi og kökur af þeim Erlu, Gunnhildi og Marsibil.

**Sjötti fundur** vetrarins var haldinn í fundaherbergi á hótél Eyju Brautarholti 10-14. Fyrirlesari á fundinum var Þórdís Sævarsdóttir skólastjóri Uppfinningaskóla INNOENT (<https://innoent.is/>) sem sagði frá starfsemi skólans. Helsta áhersla Uppfinningaskóla INNOENT hefur verið á menntaþróun í gegnum skapandi kennslu, nýsköpunar- og frumkvöðlafræði. Innoent starfar eftir hugmyndafræði „eflandi kennslufræði“ og hefur það að markmiði að efla nemendur í að nýta eigið hugvit, hæfileika og styrkleika til frekari náms í samræmi við menntunargildi 21. aldar. Nemendur starfa saman í blönduðum aldurshóp (5 til 12 ára) sem gefur færi á að nýta jafningjafræðslu á skemmtilegan hátt þar sem eldri aðstoða yngri og yngri veita innblástur með leikgleði og hugmyndum. Byggt er á sjálfsprottnum áhuga nemenda. INNOENT leggur áherslu á heildstætt nám eftir „hugur,hjarta,hönd“ í gegnum samþættingu í sköpun, listum, vísindum, nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Valgerður Magnúsdóttir flutti Orð til umhugsunar. Hún varð sjötug nýverið og sagði frá uppljómun sinni á afmælisdaginn þar sem hún komst að því að „innra með henni um hávetur ríkti ósigrandi sumar“. Vitnaði hún þar í bókina Að vetrarlagi eftir Isabel Allende. Hún hvatti okkur Kappasystur sínar til „að eldast með ósóma“. Um þetta efni urðu fjörugar umræður.

**Sjöundi** og síðasti fundur deildarinnar verður 16. maí. Þá verður farið í ferðalag til Akraness og skoðaðir þar nokkrir staðir undir leiðsögn kvenna úr Delta-deildinni. Síðan verður snæddur kvöldverður á hótél Glymi í Hvalfirði.

Starfið í deildinni er gott og gefandi. Reynt er að hafa fundina á mismunandi vikudögum til að fækka árekstrum við fjölmörg önnur viðfangsefni og áhugamál Kappa-systra. Fundasókn er almennt góð, um 70% að jafnaði.

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir  
formaður



### Lambdadeild

Konur í Lambdadeild hittust á alls sjö fundum starfsárið 2017-2018. Félagskonur hafa skipt með sér umsjón með fundum og á hverjum fundi tekur ein að sér að flytja orð til umhugsunar. Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í leikskólanum Hæðarbóli 22. október kl. 17:30. Sigurborg leikskólastjóri í Hæðarbóli bauð fundarkonur velkomnar og Birna setti fundinn og kveikti á kertum. Hún hóf síðan fundinn á því að lesa ljóðið *Haustlitasinfónían* eftir Sigurð Pálsson úr bók hans *Ljóð muna rödd*. Iðunn flutti því næst orð til umhugsunar og sagði frá samveru með gömlum bekkjarfélögum úr Melaskóla og reynslu þeirra af skólagöngunni í Mela- og síðan Hagaskóla.

Jóna Benediktsdóttir, landsforseti kom á fundinn og kynnti fyrir hópnum starf og sögu samtakanna. Á öðrum fundi Lambda-deildar í nóvember voru teknar inn sex nýjar konur og sú sjöunda bættist í hópinn undir vor. Við nutum þess einnig að fá í heimsókn á nóvemberfundinn tvo góða gesti, þær Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttir, formann Alfa-deildar og Phyllis Hikey frá höfuðstöðvum DKG í Austin Texas. Jólafundur var haldinn heima hjá Gerði Magnúsdóttur formanni þar sem Kristín Helga Gunnarsdóttir las fyrir okkur úr nýju bókinni sinni *Vertu ósýnilegur*. Lífleg umræða varð um efnið sem varðar okkur allar í lífi og starfi.

Á fundi í febrúar kynnti Guðbjörg Emilsdóttir, sérkennari fyrir okkur lestraraðferðina: *Að skrifa sig til lesturs*. Þar er lögð áhersla á að börn noti tölvuna til að læra stafina og skrifi orð og texta út frá tali til að læra að lesa. 21. mars var farið í heimsókn í Menntamálastofnun þar sem við fengum kynningu á miðlunarsviði sem sér um útgáfu námsefnis. Erlingur R. Erlingsson, sviðsstjóri miðlunarsviðs og Óskar Níelsson, þróunarstjóri tóku á móti hópnum. Erling sagði okkur frá því að á miðlunarsviði starfa 14 manns að þróun og útgáfu námsefnis fyrir grunnskóla. Á hverju ári eru gefnir út 30-50 nýir titlar auk eldra námsefnis. Flest af því efni er aðgengilegt á vef stofnunarinnar.

Aðalfundur Lambda-deildar var haldinn í Grandaskóla 3. maí kl. 20:00. Mættar voru 11 konur. Gerður setti fund og kveikti á kertum. Fundurinn hófst á aðalfundarstörfum. Gerður stýrði fundi og Birna las skýrslu stjórnar um starfið á árinu. Gerður greindi frá því að Iðunn tekur nú að sér gjaldkerastörf fyrir deildina en stjórn velur gjaldkera skv. reglum félagsins. Iðunn mun gera grein fyrir stöðu reikninga á fundi síðar. Greidd voru félagsgjöld til samtakanna DKG fyrir 20 konur alls 240 þúsund. Kosning til stjórnar: Tvær konur ganga úr stjórn: Sigurborg Kristjánsdóttir og

Sif Stefánsdóttir. Þeim var þakkað fyrir sitt framlag til starfsins. Í framboði til stjórnar eru: Birna Sigurjónsdóttir, Gerður Magnúsdóttir, Jódís Káradóttir og Ólafía Guðmundsdóttir. Kallað var eftir því hvort aðrar bjóða sig fram, svo var ekki og stjórnin samþykkt með lófataki. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi en jafnframt var sagt frá því að Birna býðst til að taka að sér formennsku. Fundarmenn undirrituðu vottorð um nýja stjórn.

Að loknum aðalfundarstörfum sagði Þóra frá Grandaskóla og starfi hans og sérstöðu, hún og Ingibjörg sýndu okkur skólann. Jódís flutti orð til umhugsunar og ræddi um lestur, læsi og lestrarhvatningu í ljósi eigin reynslu. Í lok fundar var rætt um starfið framundan; hvað eigum við að leggja áherslu á, hvað getum við sjálfar lagt af mörkum, s.s. kynnt starf okkar eða áhugasvið og verkefni sem við erum að vinna að.

Á vorfundi Lambda-deildar sem haldinn var 5. júní 2018 hittust 10 félagskonur og heimsóttu vinnustofu Önnu Jóelsdóttur myndlistakonu að Hólamaslóð 2 í Reykjavík. Anna sagði okkur frá vinnu sinni og tilurð verkanna. Henni var færð rós og þakkað fyrir móttökurnar

<http://www.annaajoelsdottir.com/exhibits-2016-2011/>

Að svo búnu hélt hópurinn á Marshall-veitingahúsið og naut þar góðrar samveru, líflegs spjalls og góðra veitinga. Héldum svo glaðar út í sumarið.

Starfsárið 2018-2019 hittust Lambdakonur á sex fundum.

Á fyrsta fundi vetrarins 27. september heimsóttu 11 konur Austurbæjarskóla og Skólamunastofuna sem Hollvinafélag Austurbæjarskóla kom á laggirnar og sér um í sjálfbóðaliðavinnu. Sigrún Lilja stærðfræðikennari við Austurbæjarskóla og einn af stofnendum Hollvinafélagsins og Skólamunastofunnar tók á móti okkur. Við byrjuðum á að skoða skólann sem er frá 1930. Hann var einn fullkomnasti skóli á Norðurlöndunum og jafnvel í Evrópu á sínum tíma, með bíosal, leikfimisal, sundlaug, ljósastofu og list- og verkgreinastofum. Við héldum fundinn á Skólamunastofunni þar sem líklega allar okkar fundu fyrir „nostalgíu“ við að sjá bækur og hluti sem við könnuðumst við úr eigin skólagöngu. Svo vorum þrjár úr hópnum sem höfðu verið í Austurbæjarskóla sjálfar og heimsóknin hefur án efa vakið margar minningar. Skólamunastofan var full af fjársjóðum, kennslugögnum og skólabúnaði allt frá 1930. Ásamt því voru persónulegir hlutir frá merkjum kennurum skólans. Birna setti fundinn og kveikti á kertum og Ingibjörg flutti orð til umhugsunar. Hún minnti okkur á þakklætið og talaði um „fjölskyldusjúkdóminn“ að hneigjast til kennslu. Á meðan hún snart okkur með hugvekjandi orðum gæddum við okkur á ljúffengum veitingum við upprunalega langborðið af kennarastofu skólans. Þökkum við Sigrúnu Lilju og skólanum fyrir þessar góðu móttökur og hlökkum til að fá að fylgjast með Skólamunastofunni áfram.

Annar fundur haustsins var haldinn 5 nóvember 2018. Birna kveikti á kertum og setti fund og fór yfir nokkur praktísk atriði. Hún minnti á greiðslu félagsgjalda, fór yfir efni vefsíðu deildarinnar en þar eru m.a. fundargerðir og félagatal. Nú er beðið um að settar séu inn myndir af félagskonum á síðuna. Hún sagði einnig frá því að deildin fékk ósk um samstarf frá Delta-deild, lagt var til að bjóða þeim á fund með okkur í vor, annaðhvort í mars eða maí. Var mjög vel tekið í það af fundarmönnum. Esther flutti orð til umhugsunar. Lífspekin sem deildi með okkur var:

„Allt fer á besta veg í hinum besta heimi allra heima“. Halda í bjartsýnina og horfa á hið góða var kjarninn í því sem hún setti fram á einlægan og persónulegan hátt. Sigurborg sagði frá þróunarverkefninu „Skólinn minn“ í leikskólanum Hæðarbóli sem snýst um að jafna aðstæður barna til náms með því að nýta styrkleika starfsmanna og leyfa starfsmönnum að blómstra hver á sínu áhugasviði og börnin njóti öll góðs af. Borin var fram gómsæt fiskisúpa og kaffi, spjallað saman um starfið framundan í deildinni og hvert við viljum stefna.

Jólafundur var haldinn miðvikudaginn 12. desember kl. 18 heima hjá Birnu formanni í Skógarselinu. Mættar voru 13 konur á fundinn sem hófst á því að bjóða Steingerði formlega velkomna í félagsskapinn með skírteini, rós og nælu. Formaður sagði frá boði Deltadeildar um sameiginlegan fund fimmtudaginn 14. mars kl. 18, þá verði farið á kynningu hjá Capacent og svo borðað saman. Þá var boðið upp á léttar og glæsilegar jólaveitingar áður en Sigríður Hagalín Björnsdóttir kom og kynnti bók sína *Hið heilaga orð*. Sigríður sagði frá sér, aðdraganda bókarinnar og söguþræði áður en hún las spennandi kaflabrot úr bókinni og svaraði spurningum. Margar félagskonur keyptu bókina og fengu hana áritaða. Góður tími var gefinn í spjall áður en Birna var með orð til umhugsunar og kynnti Bleiku skólaljóðin fyrir okkur sem Magnea Þ. Guðnadóttir hafði gefið út í litlu upplagi en hún hafði kynnt þetta verkefni fyrir okkur á fundi áður. Bleiku skólaljóðin eru eingöngu ljóð eftir íslenskar konur, mörg sem ekki höfðu ekki birst á prenti áður. Birna las fallett ljóð upp úr bókinni eftir Halldóru B. Björnsson. Fundi var slitið stundvíslega með óskum um gleðilega hátíð og héldu Lambakonur saddar á sál og líkama út í jólaljósaskreytt skammdegið.

Fyrsti fundur ársins 2019 var haldinn miðvikudaginn 30. janúar í Melaskóla sem opnaði arma sína á móti 11 köldum konum. Byrjað var á leiðsögn um skólann þar sem sagan var rakin í stuttu máli, gengið um friðaða bygginguna og skólastofur skoðaðar. Eldri byggingin er frá 1946 og hefur grunnskólinn verið starfræktur þar fyrir 1.-7. bekk síðan þá. Einar Sveinsson teiknaði húsið og var það skreytt af listamönnunum Barböru Árnason og Ásmundi Sveinssyni. Ekki gafst tími til að skoða nýrri bygginguna en hún er tengd við þá eldri með neðanjarðargöngum og hefur hýst skólastofur eldri bekkjanna frá því um síðustu aldamót. Endað var í kennarastofunni yfir kringlunni og byrjað á að snæða ljúffengt salat þeirra Birnu og Bjargar. Á meðan var Steingerður með orð til umhugsunar og las upp áhugaverðan texta um formóður sína, hinn fróðleiksfúsa kvenskörung, Sigurfljóð ljósmóður sem hún hefur sótt innblástur til á námsferli sínum. Björg var síðan með greinargóða og áhugavekjandi kynningu á leiðsagnarmatinu eins og kennarar í Melaskóla hafa verið að vinna að því undanfarin misseri. Þrátt fyrir smá tæknilega örðugleika vakti kynningin gefandi umræður um gagnsemi þessarar nálgunar í kennslu og voru Lambakonur spenntar að fá myndböndin sem vildu ekki birtast á tjaldinu, hér inn í hópinn.

Fimmti fundur starfsársins 14. mars var sameiginlegur með konum úr Deltadeild. Alls voru 22 konur mættar, 12 úr Lambadeild og 10 úr Deltadeild. Fundurinn hófst á heimsókn í Capacent, Ármúla 13. Hlín Helga Guðlaugsdóttir tók á móti okkur með góðum veitingum og kynnti ráðgjafastarf fyrirtækisins, sem byggir á hugmyndafræði, sem kennd er við Design Thinking.

Þaðan var haldið í hús Menntavísindasviðs HÍ þar sem Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs tók á móti okkur. Birna og Jónína settu fund og kveiktu á kertum. Eftir borðhald var orðið látið ganga og konur kynntu sig. Síðan tók Kolbrún við og kynnti námið á Menntavísindasviði sem skiptist nú í fjórar deildir en sviðið menntar kennara fyrir öll skólastig. Menntavísindasvið menntar, auk kennara, þroskaþjálfara, tómstunda- og félagsmálafræðinga, uppeldis- og menntunarfræðinga og íþróttá- og heilsufræðinga, sem sagt, gríðarlega fjölbreytt nám og frábær nemendahópur sem síðan vinnur saman í menntakerfinu. Sviðið hefur frá árinu 2007 einnig boðið upp á starfstengt tveggja ára diplómanám fyrir ungt fólk með þroskahömlun og hefur námið skilað miklum árangri og undirbúið nemendur fyrir ólík störf innan menntakerfisins. Þá eflir námið samfélagið okkar og rennir tryggari stoðum undir menntun án aðgreiningar, við erum stolt af þessu námi, sagði Kolbrún. Nemendur á Menntavísindasviði eru alls um 2100. Aukning hefur orðið í kennaranámi en ekki nóg til að mæta þörf fyrir nýja kennara á grunnskólastigi. Að lokum söng hópurinn saman *Mér um hug og hjarta* nú undir stjórn félagskonu úr Deltadeild. Birna sleit fundi sem var bæði fróðlegur og ánægjulegur.

Vorfundur Lambda-deildar verður haldinn í byrjun júní, þá er fyrirhugað að heimsækja Brunnastaðahverfi á Vatnsleysuströnd. Það verður spjallað um skólann, og Gerður segir sögur af sínu fólki og skólagöngunni og Viktoríu kennara.



### Mýdeild

Starf Mýdeildar var með miklum blóma og voru haldnir 7 félags- og fræðslufundir á starfsárinu. Skipt var um stjórn á vordögum 2018. Þá stóðu Beta- og Mý deild öðru sinni fyrir samræðuþingi á Alþjóðadegi kennara 5. október. Þingið fjallaði um starfsánægju kennara og bar yfirskriftina „*Að vera kennari lygilega gaman*“. Þingið tókst í alla staði vel.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í dásamlegu umhverfi að Völlum í Svarfaðardal þann 12. september 2017. Auk hefðbundinna fundarstarfa var m.a. rætt um hvað ætti að fjalla um á fundum vetrarins og fyrirhugað samræðuþing þann 5. október. Konum var ráðað í undirbúningshópa með því að láta þær draga spil. Þá fengu konur fræðslu um starfseminu á Völlum en þar fer fram m.a. ræktun á ýmsum berjum og grænmeti.

Annar fundurinn var haldinn í Kjarna, húsi NFLA í Kjarnaskógi. Á fundinum hélt Anna Guðmundsdóttir fyrirlestur sem hún kallaði *Nám um hamingju og velferð: Jákvæð sálfræði og gróskuhugarfar*. Í fyrirlestrinum kynnti hún kenningu Carol Dweck um að til sé tvenns konar

hugarfar; gróskuhugarfar og festuhugarfar. Sá sem hefur gróskuhugarfar trúir því að hann geti þróað hæfileika sína meðan sá sem hefur festuhugarfar álitur að hæfileikar séu meðfæddir og lítið sé hægt að þroska þá eða breyta.

Þriðji fundur vetrarins var sameiginlegur jólafundur Beta- og Mýdeildar haldinn að Brúnum í Eyjafjarðarsveit 30. nóvember. Á fundinn kom góður gestur, Jóna forseti landsambandsins. Hún minnti á markmið DKG en þau eru sjö og snúast um hvernig við getum hjálpað hver annarri til áhrifa og stutt menntamál. Hún lagði áherslu á að konur stæðu saman og styddu hver aðra. Rósa Kristín Júlíusdóttir sagði líka á skemmtilegan hátt frá jólum sínum í Perugia á Ítalíu árið 1968.

Fjórdi fundurinn var 15. janúar 2018 og hann var haldinn í skólastjórabústaðnum á Þelamörk. Þetta var svokallaður bókafundur en þar sögðu konur frá áhugaverðum bókum sem þær höfðu lesið nýlega og farið var í bókaleiki.

Á fimmta fundi vetrarins þann 22. febrúar sagði Ingileif Ástvaldsdóttir frá ferð sinni á 3rd EI World women's Conference sem haldin var í Marrakesh 5.-7. febrúar 2018 og sýndi myndir úr ferðinni. Þetta var mjög áhugaverð ráðstefna en þema hennar var Finding a way through the labyrinth: women, education, unions and leadership.

Sjötti fundurinn var haldinn í Glerárskóla 10. apríl og þar kynnti Björg Eiríksdóttir meistaraprófsverkefnið sitt *Ég sé með teikningu: Mótun námsefnis í samvinnu við nemendur*. Tilgangurinn með því er að efla myndlistarkennslu á framhaldsskólastigi og koma til móts við þörf fyrir námsefni í teikningu hér á landi.

Síðasti fundurinn og sá sjöundi var haldinn á kaffihúsinu Gísli, Eiríkur, Helgi á Dalvík. Bryndís Björnsdóttir, formaður Mýdeildar, flutti skýrslu um vetrarstarfið sem hefur verið fjölbreytt og gefandi og gjaldkeri deildarinnar, María Aðalsteinsdóttir, kynnti reikninga. Katrín Fjóra Guðmundsdóttir var með orð til umhugsunar og lagði út frá ljóðinu Mamma eftir Sumarliða Halldórsson. Þá fengu konur fræðslu um starfsemi Bakkabræðraseturs og fyrirhugaðar framkvæmdir þar. Tvær nýjar félagskonur voru teknar inn þær Magnea Kristín Helgadóttir og Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir. Þá var ný stjórn kynnt til sögunnar. Í henni eru Katrín Fjóra Guðmundsdóttir, formaður, Petrea Óskarsdóttir, ritari, Ragnheiður Þórsdóttir, varaformaður og Þuríður Rósenbergsdóttir, meðstjórnandi. María Aðalsteinsdóttir verður áfram gjaldkeri og fráfarandi formaður Bryndís Björnsdóttir er nýrri stjórn til halds og trausts.

Þau gleðitíðindi bárust svo á vordögum að á Vorkomu Akureyrarstofu þann 19. apríl 2018 var tilkynnt að Björg Eiríksdóttir kennari við VMA og félagskona í Mýdeild hefði verið valin bæjarlistarmaður Akureyrar 2018-2019. Björg hefur fjölbreytta menntun á sviði fagurlista og hefur haldið um 8 einkasýningar. Verk hennar eru af ýmsum toga, s.s. málverk, útsaumur, þrykk, ljósmyndir og vídeó. Á starfslaunatímanum mun Björg undirbúa nýja einkasýningu sem byggir á meistaraprófsrannsókn hennar en í henni fjallaði Björg um samskipti manna við umhverfi sitt í gegnum skynjun líkamans.



## 2018-2019

Ný stjórn hittist á haustdögum og skipulagði starf vetrarins og lagði línurnar fyrir þema starfsársins. Stjórnin ákvað að aðalþema komandi vetrar yrði **Hugur og hönd**. Þar sem m.a. væri hægt að fjalla um - verkmenntun og tónlistarmenntun -Börn þurfa að spreyta sig í fjölbreyttu umhverfi með fjölbreyttan efnivið -Learning by doing -Hugarfar vaxtar ( grow mindset) -Þú getur lært allt lífið, þjálfun hugar eru engin takmörk sett. -Mistök hluti af lærdómi.- Jákvæður agi. Þá er enn verið að vinna að því að fjölga félagskonum. Þriðja árið í röð héldu Beta-og Mý deild samræðuþing á Alþjóðadegi kennara 5. október í Hofi á Akureyri að þessu sinni var þingið haldið í samstarfi við Kennarasamband Íslands. Þingið var að þessu sinni á föstudegi og þótti takast afar vel enda fjallaði það um gleðina í kennslu. María Pálsdóttir leikkona og kennari flutti stórskemmtilegt og fræðandi erindi um að slaka á spennunni og auka gleðina í kennarastarfinu.Þá fengu gestir að spreyta sig á ýmsum skemmtilegum verkefnum sem nýta má í kennslu.

Fyrsti viðburður vetrarins var haustferð 13.september 2018 sem skipulögð var sameiginleg af Beta- Mý og Ný deild. En Beta og Mý konur lögðu þá land undir fót og heimsóttu stöllur sýnar í Ný deild á Sauðarkróki. Á leiðinni fóru konur í spurningarleik um starf DKG sem vakti mikla lukku. Farið var í Sútunarverksmiðjuna og fengu konur kynningu á starfseminni. Þá var borðað saman og konur fengu kynningu á Alþjóðaráðstefnunni í Reykjavík í júlí og á væntanlegu samræðuþingi 5. október á Alþjóðadegi kennara um gleðina í kennslu.

Annar fundur vetrarins var haldinn í Dalvíkurskóla 5. nóvember 2018

Þema kvöldsins var „Þú getur lært allt lífið“ og fjallaði um hvernig við getum stuðlað að farsælli öldrun. Guðný Sigríður Ólafsdóttir flutti orð til umhugsunar og Elísa Rán Ingvarsdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri á dvalarheimilinu Dalbæ á Dalvík flutti fróðlegt erindi þar sem hún velti upp spurningunni *hvað er farsæl öldrun?* Það að vera laus við sjúkdóma, hafa hlutverk og líkamlega og andlega færni. Hún benti á hversu mikilvægt það væri að eiga samskipti, ekki gefast upp og vera jákvæður. Þá voru teknir inn tvær nýjar félagskonur þær Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir og Kristín Irene Valdemarsdóttur. Katrín Fjóla tilkynnti að hún og Björg Eiríksdóttir myndu hætta í undirbúningsnefnd fyrir Alþjóðadag kennara 5.okt. Óskaði hún eftir tveimur konum í þeirra stað. Björg Sigurvinsdóttir gaf kost á sér fyrir leikskólastigið og Magnea Kristín Helgadóttir gaf kost á sé fyrir hönd grunnskólakennara.

Þriðji fundur vetrarins var sameiginlegur jólafundur með Betadeild sem áætlaður var 29. nóvember en vegna slæmra veðurskilyrða varð að fresta þeim fundi og færa staðsetningu til 30. nóv.og var hann haldinn í Brekkuskóla á Akureyri sem varð til þess að færri konur komust á fundin en til stóð. Jólafundurinn var með hefðbundinni dagskrá. Orð til umhugsunar og samsöngur og borðaður dýrindis jólamatur.

Fjórdi fundur vetrarins var svo haldinn í Síðuskóla 31. janúar 2019

Björg Sigurvinsdóttir fór með orð til umhugsunar. Hún talaði út frá eftirfarandi setningu: “ Þú getur lært allt lífið, þjálfun hugar eru engin takmörk sett. Björg fjallaði um hversu mikil áhrif lestur bókarinnar: “ Konan í köflotta stólnum” eftir Þórunni Stefánsdóttur hefði haft á hana og sagði í stuttu máli frá bókinni. Björg sagði frá eigin reynslu af menntun á miðjum aldri. Gestur kvöldsins var Arnar Már Arngrímsson rithöfundur sem talaði um tilurð Sölvasögu unglings. Bókin var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna og hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í nóvember 2016. Í kjölfar verðlaunanna fylgdu boð á bókmenntahátíðir og sagði Arnar Már frá bókmenntahátíðum á Normandie og Hofi á Akureyri, þar sem hann kynnti Sölvasögu. Einnig fylgdu boð í heimsóknir í skóla á Norðurlöndunum undir samnorræna verkefninu: “ Skáld í skólum” Arnar Már lísti ánægju sinni yfir því verkefni og sagði frá heimsókn sinni í skóla á Alandseyjum og Færeyjum. Umræður sköpuðust um samnorræna verkefnið: “Skáld í skólum”, hvort það væri virkt hér. Konur sammála um að þetta verkefni ætti rétt á betri kynningu á Íslandi. Jenný Gunnbjörnsdóttir ræddi þá aðeins um alþjóðlega DKG-þingið sem verður í júlí í sumar í Reykjavík og hvatti konur til þess að mæta og benti á að umsóknarfresturinn um að senda inn fyrir málstofur eða stutt innlegg hafi verið framlengdur til 31. jan.

Fimmti fundur vetrarins var svo haldinn 12. Mars 2019, í húsnæði Skólasviðs Akureyrar, Glerárgötu 26. Anna Guðmundsdóttir fór með orð til umhugsunar. Orð til umhugsunar fjölluðu um býflugnarækt. Anna sagði frá því að hún væri að læra að annast býflugur. Anna sagði skemmtilega frá samfélagi býflugna. Hvernig drottningin fer út og frjóvgast, bara einu sinni, og hvernig hún stýrir búinu. Lífi þernanna og hvernig hunangið myndast. Eftir að konur höfðu snætt dýrindis smárétti flutti Sesselja Sigurðardóttir erindið; Lítil börn, heilabroski og tengslamyndun. Sesselja byrjaði á því að kynna sig og störf sín. Hún er leikskólaráðgjafi og vinnur hjá skólasviði Akureyrarbæjar. Erindið var mjög merkilegt og er stiklað hér á nokkrum atriðum. Í dag hafa orðið svo miklar framfarir að fræðimenn geta séð heilastarfsemi í ungum börnum. °Sjálftal barna er leið þeirra til að þroska hugann Að lokum sagi hún frá þeim tveim þáttum sem hafa áhrif á þroska heilans, erfðir annars vegar og genin og umhverfið hins vegar. Ingileif Ástvaldsdóttir bað um orðið og sagði frá stóru DKG ráðstefnunni sem haldin verður í Reykjavík dagana 25.-27. júlí n.k. Hún benti á að sú breyting er orðin á þessari ráðstefnu að nú er hún alþjóðleg, ekki lengur Evrópu ráðstefna. Hún hvatti konur til að mæta og sagði frá því að skráning stendur yfir á heimasíðu DKG. Hún fór inná heimasíðuna og sýndi dagskránnu. Benti konum á að kíkja á facebook síðuna. Búið er að loka fyrir umsóknir um málstofur.

Sjötti og síðasti fundur starfsársins er áætlaður 15. maí 2019 að Fremstafelli 1, Þingeyjarsveit Dagskrá:

- Komið á staðinn og smá göngutúr um hús og vinnustofu
- Orð til umhugsunar, List án landamæra
- Sest að snæðingi
- Sögur og ljóð úr nágrenninu
- Hugmyndir fyrir næsta samræðuþing á alþjóðadegi kennara ræddar.



## Nýdeild

Nýdeild Delta Kappa Gamma, félags kvenna í fræðslustörfum, var stofnuð á Blönduósi 2. apríl 2017.

Stofnfélagar voru 17 konur úr Skagafirði og Húnavatnssýslum frá eftirtöldum skólum og stofnunum: Grunnaskólanum austan vatna, Háskólanum á Hólum, Varmahlíðarskóla, Árskóla á Sauðárkróki, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Farskólanum - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Leikskólanum á Skagaströnd, Blönduskóla á Blönduósi, Fræðsluskrifstofu Húnaþings vestra, Grunnskólanum á Hvammstanga, Leikskólanum á Hvammstanga. Svæði Nýdeildar er víðfemt og konur hafa um langan veg að fara til að hittast og yfir vetrarmánuðina geta veður orðið válynd á svipstundu. Það krefst þess að konur séu sveigjanlegar þegar kemur að fundahaldi. Þessi tvö ár sem við höfum starfað höfum við nýtt í að kynnst hvor annarri og hafa fundirnir verið á starfsstöðvum okkar systra. Fundirnir okkar eru sex á starfsári sem eru í september, október og nóvember og síðan er það í mars, apríl og maí.

Á haustmánuðum 2017 hittumst við fyrst á Hvammstanga í Ráðhúsinu þar sem þrjár meðlimir búa og starfa, annar fundur var í háskólanum á Hólum þar sem tvær systur tóku á móti hópnum og þriðji fundurinn var haldinn á Sauðárkrók í Ársskóla og voru tvær systur sem tóku á móti okkur þar. Á hverjum stað kynntu gestgjafar sjálfa sig og við hvað þær starfa.

Vorið 2018 byrjuðum við í mars á Blönduósi þar sem tvær systur sem þar starfa tóku á móti okkur í grunnskólanum og í apríl hittumst við í grunnskólanum í Varmahlíð þar ein úr okkar hópi starfar. Sami háttur var á eins og á haustmánuðum gestgjafar kynntu sig og sögðu frá sínum störfum.

Maí fundurinn okkar var svo skipulagður af stjórninni og fórum við í heimsóknir til þriggja skapandi kvenna víðsvegar í Húnavatnssýslunum og enduðum á kaffihúsi á Hvammstanga þar sem við snæddum saman og var ákveðið á þeim fundi að nýta starfsárið 2018 – 2019 að fjölga í deildinni okkar.

Haustið 2018 fór af stað með aðeins öðruvísi hætti þar sem við fengum systur okkar úr Eyjafirði úr Beta og Mý deildum í heimsókn. Við fórum í heimsókn í Gestastofu sútarans og fengum skemmtilega kynningu á starfsemi þar. Eftir það borðum við svo allar saman á Kaffi Krók og áttum mjög skemmtilega kvöldstund.

Október mánuður var hefðbundin við hittumst í Framhaldskóla norðurlands vestra þar sem þrjár systur okkar starfa og í nóvember var hist í leikskólanum Ásgarði á Hvammstanga. Við fengum góðar kynningar frá gestgjöfum sem sögðu okkur frá sínum störfum.

Ákveðið var að halda óformlegan bókafund í janúar þar sem sex systur hittust á Blönduósi og ræddu bækur sem lesnar höfðu verið í kringum jólin. Mars mánuður var svo hefðbundin þar tekið var á móti okkur í Farskólanum á Sauðárkrók og okkur kynnt starfsemin þar, en þar starfar ein systir úr okkar hópi.

Við klárum svo formlegu fundina okkar í lok apríl þar sem við heimsækjum Hofsós og Grunnskólann austan vatna. Í maí verður svo fundur sem skipulagður verður af stjórninni.

Þessi fyrstu tvö ár hafa verið einstaklega skemmtileg og mikið sem við höfum fræðst um störf kvenna í fræðslustörfum á norðurlandi vestra. Við höfum náð að kynnst flestar vel og náð að stækka okkar tengslanet. Þegar við hittumst höfum við borðað saman súpu og eitthvað gott með kaffinu sem gestgjafar á hverjum stað hugsa um. Það getur verið langt að ferðast á fundi og var það ákveðið vegna þess.

Það hefur gengið aðeins hægt hjá okkur að fjölga í deildinni en við erum að vinna að því og á síðasta fundi okkar mættu þrír gestir sem mæta vonandi aftur og verða tilbúnar að koma í þennan skemmtilega félagsskap. Það hafa verið að mæta frá 10 – 13 á hvern fund hjá okkur.

Við höfum einnig beðið systur í Ný deild að koma með hugmyndir að þema fyrir næsta vetur þar sem þessi sl. tvö ár hafa farið í að kynnst og næstu skref að vinna að einhverjum ákveðnum verkefnum.

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir  
Formaður Ný deildar



## Skýrslur fastanefnda

Fastanefndir landssambandsins eru sex, samskipta – og útgáfunefnd, féлага- og útbreiðslunefnd, laganefnd, menntamálanefnd, uppstillingarnefnd og námsstyrkjanefnd.

## Samskipta- og útgáfunefnd

Elinborg Sigurðardóttir, Guðrún Þóranna Jónsdóttir og Málfríður Kolbrún Guðnadóttir skipa nefndina. Þær eru allar í Epsilon-deild.

Tímabili núverandi samskipta- og útgáfunefndar í vor lýkur og munu þá taka við systur okkar í annarri deild. Undirritaðar hafa setið í nefndinni í tvö ár og gefið út fjögur fréttabréf að meðtöldu því fréttabréfi sem kemur út í maí.

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um að undirbúa og gefa út fréttabréf DKG sem kemur út tvisvar á ári, í desember og maí. Safna efni og raða því snyrtilega upp í fréttabréfið sem gefið er út rafrænt á vef DKG. Við höfum nýtt okkur *dropbox* en gengið misvel að vinna inni í því. Eygló Björnsdóttir vefstjóri hefur verið okkur nefndarkonum innan handar við að setja fréttabréfið á vefinn.

Við höfum leitað til fjölda kvenna til að skrifa greinar og fréttapistla á tímabilinu. Yfirleitt er vel tekið í þá beiðni. Fastur liður í fréttabréfinu eru fréttapistlar frá deildum og bera formenn deilda ábyrgð á að þeir séu skrifaðir. Við þökkum þeim DKG-systrum sem lagt hafa lið með greinum í fréttabréfið.

Útgáfunefndin hittist reglulega og mikil samskipti eru á rafrænu formi þegar útgáfudagur nálgast. Vinnsla fréttabréfa tekur um það bil mánuð frá því að búið er að ákveða efni, fá það sent, prófarkalesa og raða því inn í skjalið. Þessi vinna hefur verið ánægjuleg og gefandi.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG:

Elinborg Sigurðardóttir,  
Guðrún Þóranna Jónsdóttir,  
Málfríður Kolbrún Guðnadóttir.



### Félaga- og útbreiðslunefnd

Nefndina skipa:

Sigríður Guðnadóttir, Epsilondeild, Svana Friðriksdóttir, Gammadeild og Elín M. Magnúsdóttir, Betadeild

Hefðbundið starf nefndarinnar, á starfstímabilinu, var að halda utan um félagatal landssambandsins leiðrétta það og uppfæra. Síðara starfsárið fór í að setja upp nýtt félagatal landssambandsins með myndum af félagskonum. Það reyndist þrautinni þyngri að fá myndir og voru heimtur dræmar framan af en það komst skriður á síðustu vikurnar af starfstímabilinu en þó eru tvær deildir eftir. Hver deild innan landsambandsins sá um að uppfær sitt félagatal og setja inn myndir af félögum sínum.

F.h. félaga- og útbreiðslunefndar:

Sigríður Guðnadóttir, formaður



## Laganefnd

Snemma árs 2019 bað landssambandsforseti, Jóna Benediktsdóttir, mig að taka að mér formennsku í laganefnd DKG þar sem fyrir lá að endurskoða þyrfti íslensku lögin í samræmi við breytingar sem gerðar voru á alþjóðáþinginu 2018. Í laganefndinni landssambandsins voru fyrir þær Edda Björg Kristmundsdóttir Iota, Bryndís Guðmundsdóttir Þeta, Björk Einisdóttir, Gamma.

Það var augljóst að erfitt gæti verið að vinna með svo stórum hópi sem dreifður er um allt land og heimilaði Jóna mér að velja mér samstarfskonur til að gera tillögu að nýjum texta fyrir lög og reglugerðina. Fékk ég til liðs við mig Auði Torfadóttur, lögsögumann og Sigrúnu Jóhannesdóttur sem er þaulvön lagavinnu sem þessari. Báðar þekkjá vel lagavinnuna og við Auður vorum báðar á þinginu 2018.

Síðan var stungið upp á þeirri vinnuáferð yrði sú að við Auður og Sigrún J. myndum skoða breytingarnar sem gerðar voru á alþjóðáþinginu, við mundum skoða hvað það er sem þarf að breyta og gera uppkast að breytingum á lögnum okkar. Við mundum síðan senda tillögurnar til skoðunar til laganefndarinnar og hver og ein gæti komið með sínar athugasemdir. Þegar allar breytingatillögur væru komnar mundum við ganga frá endanlegum breytingatillögum og senda til landssambands.

Send var út fyrirspurn til laganefndar um hvernig þeim litist á verklagið. Allar voru samþykkar þessu verklagi og fyrsti vinnufundur þriggja manna nefndarinnar var 23 janúar. Alls héldum við fjóra stranga vinnufundi sem voru 2-4 klukkutíma hver og var síðasti fundur okkar 12 febrúar. Einnig sendum við þrjár fyrirspurnir til Helen Popovich sem er lögsögumaður alþjóðasamtakanna til að fá skýringar á einstökum atriðum.

Tillögur nefndarinnar voru sendar út 15 febrúar til laganefndarinnar og stjórnar landssambands. Síðan hafa drögin verið skoðuð og endurskoðuð þangað til við erum komnar núna að loka-uppkasti.

Í hnotskurn voru breytingatillögurnar tvíþættar, annars vegar breytingar sem nauðsynlegt er að gera í samræmi við tillögur frá alþjóðáþinginu og hins vegar textasnyrtingar.

Fjórar breytingatillögur voru í samræmi við breytingar á alþjóðalögnum:

1. **Nýr flokkur félagskvenna:** Heimilt er að taka inn í samtökin konur sem eru í menntatengdu námi [collegiate members]. Þær geta fengið aukaáðild á meðan þær eru í námi en verða fullgildir félagar þegar prófi er lokið.
2. **Breyting á inntökuaðferðum:** Heimilt verður að sækja um áðild að samtökunum. Inntaka er þó háð því að deildarkonur samþykki viðkomandi konu.
3. **Breytingar á dagsetningum:** Árgjald verður framvegis innheimt fyrir 30 júní í stað 31 október.
4. **Námsstyrkjasjóður.** Einn dollari sem innheimtur er til námsstyrkjasjóðs verður framvegis eftir í viðkomandi landi. Ekkert fer til alþjóðasamtakanna.

Að öðru leyti fólust helstu breytingatillögurnar í því að reynt var að „kvenkenna“ embættismenn þ.e. að gjaldkeri yrði „hún“ en ekki hann þar sem kyn embættismanns yrði látin ráða fremur en málfræðilegt kyn. Búið er að lagfæra textann eins og hægt var til að þokast nær þessu takmarki. Talsverðar lagfæringar voru annars gerðar á orðanotkun og orðalagi með það fyrir augum að gera textann eins auðskiljanlega og kostur er. Tillögurnar hafa verið til skoðunar á vef samtakanna og ættu því að hafa fengið mjög ítarlega skoðun.

Fá allar konurnar sem hafa lagt hönd á plóg og einkum þær Auður Torfadóttir og Sigrún Jóhannesdóttir mínar bestu þakkir.

Sigrún Klara Hannesdóttir

Alfa-deild

Apríl, 2019



## Menntamálanefnd

Árin 2017-2019 skipa eftirfarandi konur nefndina:

Formaður: Jenný Gunnbjörnsdóttir, Mýdeild

Guðrún Ásgeirsdóttir, Zetadeild

Guðrún Þóranna Jónsdóttir, Epsilondeild

Sigríður Rut Magnúsdóttir, Zetadeild

Viðfangsefni menntamálanefndar þessi tvö starfsár var að skipuleggja dagskrá vorþings 2018 og landssambandsþings 2019.

Vorþingið var haldið á Egilsstöðum 5. maí og heiti þess var *Sköpun, gróska og gleði*. Konur af Austurlandi báru hitann og þungan af erindum og umgjörð. Dagskráin einkenndist af umfjöllun um menningu og listir og var þetta afar góður dagur.

Landssambandsþingið er haldið 4. maí í Reykjavík og heiti þess er *Lífsins vegur- leiðsögn og nám*. Aðalerindið flytur Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir og með henni veltum við fyrir okkur hvernig við getum sem best hlúð að velferð ungs fólks.

Nefndarkonur í menntamálanefnd eru víðs vegar að af landinu og hafa allir fundir farið fram á rafrænan hátt, annað hvort í gegn um Skype eða Zoom, auk þess sem nefndin hefur nýtt sér Facebook til samskipta og miðlunar upplýsinga sín á milli. Nefndin átti mjög gott samstarf við Helgu Magneu Steinsson sem var tengiliður stjórnar bæði árin.

F.h. menntamálanefndar:  
Jenný Gunnbjörnsdóttir  
formaður



#### Uppstillingarnefnd

Nefndina skipa:

Guðbjörg M. Sveinsdóttir formaður, Þetadeild

Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild

Jónína Eiríksdóttir, Deltadeild

Uppstillingarnefnd kallaði eftir tilnefningum frá deildum og bárust nokkrar tilnefningar.

Tilnefningar dreifðust nokkuð vel milli deilda en gaman væri að reyna að virkja nýju deildirnar enn frekar.

Uppstillingarnefnd leggur fram eftirfarandi tillögu:

#### **Uppstilling til Landssambandsstjórnar 2019 – 2021**

Forseti Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild

1. varaforseti Jónína Hauksdóttir, Þetadeild

2. varaforseti Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild

Ritari Aníta Jónsdóttir, Þetadeild

Meðstjórnandi Theodóra Þorsteinsdóttir Deltadeild

#### **Uppstillingarnefnd 2019-2021**

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Þetadeild

Jóna Benediktsdóttir, Iotadeild

Jónína Eiríksdóttir, Deltadeild

#### **Skoðunarmenn reikninga 2019 -2021**

Hildur Elín Vignir, Kappadeild

Björg Eiríksdóttir, Gammadeild



F.h. uppstillingarnefndar  
Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður



### Námsstyrkjanefnd

Í nefndinni voru: María Steingrimsdóttir, Betadeild formaður, Steinunn Guðmundsdóttir, Iotadeild og Elín Rut Ólafsdóttir, Betadeild. Megin hlutverk nefndarinnar er að vekja athygli og efla áhuga félagskvenna á þeim styrkjum sem í boði eru á vegum samtakanna, erlendum sem innlendum og sjá til þess að upplýsingar þar um komist á vefsíðu Landsambandsins. Enn fremur að fara yfir umsóknir sem berast í íslenska námsstyrkjasóðinn og gera tillögur um úthlutun úr honum til Landsambandsstjórnar. Tilgangur íslenska námsstyrkjasjóðsins er að styrkja félagskonur í Delta Kappa Gamma á Íslandi sem vinna að lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi eða stunda annað sambærilegt framhaldsnám. Sjóðurinn heyrir beint undir stjórn landssambandsins og ber stjórn landsambandsins ábyrgð á að auglýsa úthlutun úr sjóðnum hverju sinni. Veitt er úr sjóðnum annað hvert ár, það ár sem landssambandsþing er haldið og styrkinn skal afhenda á landsambandsþingi. Landssambandsstjórn ákveður hvaða upphæð kemur til úthlutunar hverju sinni og tilkynnir námsstyrkjasjóðsnefnd um það. Að þessu sinni hefur landsambandsstjórn ákveðið að upphæðin til úthlutunar sé 400 þúsund. Umsóknarfrestur um styrkinn er til og með 1. mars það ár sem úthluta á úr sjóðnum og einungis félagar í Delta Kappa Gamma á Íslandi geta sótt um hann.

Að þessu sinni bárust þrjár umsóknir um styrk í sjóðinn. Umsækjendur eru allir að vinna að mjög áhugaverðum verkefnum sem sýna þá miklu grósku sem er í menntavísindum í dag. Tveir þeirra eru að vinna að meistaraþrífverkefnum en einn að doktorsverkefni.

Nefndarkonur funduðu með hjálp tækninnar og skiptust á tölvupóstum við úrvinnslu á umsóknum. Mat okkar er að allar þrjár umsóknir uppfylla skilyrði sem kemur fram í 6. gr. í reglum sjóðsins „*ad vera vel á veg komnar*“ í því námi sem þær stunda. Þá litum við til 7. gr. í reglum sjóðsins en þar segir: „*Þegar velja þarf milli umsækjenda sem uppfylla skilyrði skal, m.a. tekið tillit til virkni umsækjenda í samtökunum og þess hversu lengi hann hefur verið félagi.*“ Tveir umsækjenda hafa verið félagar í samtökunum frá 2011 og verið afar virkir þátttakendur. Annar hefur verið formaður deildar og setið í stjórn deildar í 6 ár, hinn er stofnfélagi í sinni deild og hefur setið í stjórn þar í 3 ár, og innt af hendi mörg önnur störf fyrir samtökin. Báðir umsækjendur vinna nú að undirbúningi alþjóðaráðstefnu samtakanna sem haldið verður á Íslandi í sumar (2019). Þriðji umsækjandinn hefur verið félagi síðan 2017 en ekki gegnt trúnaðarstarfi fyrir samtökin enn sem komið er.

Með hliðsjón af 7. gr. í viðmiðum sjóðsins hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu og með samþykki stjórnar, að skipta eigi styrknum milli þeirra tveggja umsækjenda sem hafa verið virkir félagar frá 2011 og gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir samtökin. Þannig að hvor um sig fái 200 þúsund krónur.

Verkefni þriðja umsækjanda er mjög þýðingamikið fyrir fjölmennningarlegt samfélag okkar og bendum við umsækjanda á að möguleiki er að sækja aftur um í sjóðinn. Enn fremur skal bent á að reglur sjóðsins gera ráð fyrir að umsækjandi geti sótt um styrkinn til að kynna verkefni sitt eftir að því er lokið.

**Að þessu sinn hljóta því styrkinn þær Aníta Jónsdóttir Betadeild og Ingileif Ástvaldsdóttir Mý deild.**

Verkefni Anítu er 40 eininga viðtalsrannsókn þar sem hún kannar viðhorf og þörf fedra barna í 8.-10. bekk til foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar. Viðmælendur eru fedur víðsvegar af landinu. Verkefni Anítu hefur vinnuheitid *Þörf fyrir fræðslu og stuðning í foreldrahlutverkinu að mati fedra*. Verkefnið er hluti af stóru rannsóknarverkefni, *Foreldrafræðsla á Íslandi: Hver er þörfin?* sem Hrund Þórarins- Ingudóttir, lektor á Menntavísindasviði HÍ, leiðir og ætlað er að kanna þörf fyrir foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að kanna þörfina fyrir foreldrafræðslu á Íslandi út frá sjónarhorni 1) foreldra, 2) fagfólks sem vinnur með börnum og unglingum og 3) verðandi foreldrafræðara. Áætluð námslok eru vorið 2020

Ingileif vinnur að 60 eininga meistaraþrófsverkefni við Háskólann á Akureyri, vinnuheitid verkefnis er *Hvatar til starfsþróunar og nýsköpunar*. Markmið rannsóknarinnar er að auka skilning stjórnenda menntamála á því hvaða þættir í innra og ytra starfi skóla hvetja til starfsþróunar og nýsköpunar í skólastarfi. Rannsóknin er eigindleg, þar sem 8 kennurum er fylgt eftir og viðtöl tekin við þá auk þess sem rýnihópsviðtal verður við skólstjóra. Niðurstöður rannsóknar ættu að geta bent á hvaða þættir það eru sem hvetja kennara til starfsþróunar og nýsköpunar og geta á þann hátt verið stuðningur í skipulagi og framkvæmd starfsþróunar kennara sem skila auknum gæðum í námi og kennslu. Áætluð námslok eru vor 2020.

Nefndin telur að niðurstöður úr báðum þessum verkefnum eigi eftir að dýpka þekkingu þeirra sem starfa að skóla- og fræðslumálum hér á landi.

Í vinnu sinni við umsóknir í sjóðinn hefur nefndin komist að því að æskilegt væri að endurskoða reglur hans, t.d. að skerpa á viðmiðum um umsóknir og úthlutun og hefur nefndin sent erindi til landssambandsstjórnar þar að lútandi.

Ég þakka samnefndarkonum mínum fyrir góða samvinnu og landssambandsforseta, Jónu Benediktsdóttur hennar aðstoð.

10. apríl 2019

María Steingrimsdóttir, formaður námsstyrkjanevndar



## Skýrslur frá konum sem starfa fyrir okkar hönd í erlendum nefndum starfsárin 2018 - 2020

### Editorial Board

Delta Kappa Gamma samtökin hafa að leiðarljósi að efla faglegan og persónulega þroska kvenna sem helgað hafa líf sitt kennslu og menntamálum og stuðla að öflugri menntun. Til að skapa vettvang fyrir félagskonur til að miðla þekkingu sinni, reynslu og dýrmætri innsýn gefur DKG út tvö tímarit, *Collegial Exchange* sem er prentað tvisvar á ári og *The Bulletin* sem er gefið út eingöngu rafrænt þrisvar á ári. *Collegial Exchange* er gefið út í tímaritsformi og miðar að því að ná til kennara og fagfólks; *The Bulletin Journal* leggur meiri áherslu á að birta fræðilegt efni sem byggir á rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði fræðslu- og menntamála.

Ég hef setið í ritnefnd Delta Kappa Gamma frá árinu 2016. Judy Merz leiðir hópinn og aðrir nefndarmenn eru: Margaret Trybus, Nora Pollard og Barbara Perry Sheldon. Samskipti okkar fara fyrst og fremst fram í gegnum tölvupóst og við notum google-docs og dropbox til að deila skjölum. Það eru margir kostir að taka þátt í starfsemi ritnefndar DKG. Ég fæ góða innsýn í viðfangsefni sem eru í deiglu á sviði menntunar með því að lesa yfir innsendar greinar. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og byggja ósjaldan á víðtækri reynslu höfunda af þróun faglegra starfshátta. Þá eru samstarfskonur mínar í nefndinni algerar perlor og hefur styrkt mig mjög faglega að kynnast þeim. Síðast en ekki síst, þá fékk ég tækifæri til að heimsækja höfuðstöðvar DKG í Austin Texas haustið 2016, en nefndin fundar að jafnaði annað hvert ár í Austin, Texas. Fundur féll að vísu niður haustið 2018, einkum vegna mikilla anna hjá nefndarkonum. Nú hefur verið boðaður fundur í byrjun september 2019 og ég á von á því að sækja þann fund.

Ein af áskorunum er hve lítið af efni berst frá aðildarfélögum utan Bandaríkjanna. Það er þó ánægjulegt að segja frá því að þrjár greinar hafa nýlega birst eftir íslenska höfunda. Það er mjög gefandi að deila fréttum af öflugri skólastarfi, þróunarverkefnum og ýmsu því áhugaverða og spennandi sem er að gerast í íslensku menntakerfi um þessar mundir. Það er gott að muna að efni í *Collegial Exchange* getur verið ljóð, smásaga, ígrundun eða hugvekjandi frásögn. Sum innlegg fjalla um starfsemi deilda, áhugaverðar vettvangsferðir eða alþjóðlegt samstarf sem er gaman að fræðast um. Fræðilegra efni, s.s. þróunarverkefni, rannsókn eða fræðileg greining, þar sem vísað er til heimilda á frekar erindi í *Bulletin Journal*. Hér er kjörið tækifæri að deila niðurstöðum

meistara- og doktorsverkefna. Ég hvet DKG systur mínar til að senda inn efni og get ég verið áhugasömum innan handar. Hér er yfirlit yfir þemu og dagsetningar framundan:

**15 maí 2019 Bulletin Journal. Democracy in Education:** Creating Independent Thinkers \* Civic Education \* Generating Student Engagement and Leadership \* Participatory Action Research (PAR)

**1. ágúst Collegial Exchange** (prentúgáfa), opið þema

**1. október 2019 Bulletin Journal. Þema: The Ways We Learn:** Brain Research \* How Individuals Think/Organize \* Technology Impact \* Storing and Processing Information \* Models of Instructional Delivery \* Formal/Informal Learning \* Experiential Learning

Greinar skulu skrifaðar á ensku og sendar í wordskjali með tölvupósti á [bulletin@dkg.org](mailto:bulletin@dkg.org). Allar nánari upplýsingar um tímaritin og leiðbeiningar til höfunda er að finna á heimasíðu DKG undir Publications.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Lambda-deild, kolbrunp@hi.is



### Golden Gift Committee

Ég fékk boð um að sitja sem fulltrúi Evrópusvæðisins í Golden Gift nefndinni 2018-2020, sem ég þáði. Í nefndinni sitja fimm konur, auk alþjóðaforseta Cathy Daugherty og Phyllis Hikey, starfsmanns á skrifstofu DKG. Dr. Hanna Fowler er formaður nefndarinnar. Nefndin hefur það hlutverk að undirbúa leiðtoganámskeið samtakanna sem hefur til þessa heitið *Leadership Management Seminar* og verið haldið annað hvert ár í háskólanum í Austin í Texas.

Námskeiðunum er ætlað að vera valdeflandi fyrir konur í DKG um leið og þátttakendur frá fræðslu um nýjustu strauma og stefnur í leiðtogafræðum.

Einn fundur var haldinn í nefndinni í janúar og þá í Austin í Texas, að öðru leyti hefur nefndin haft samskipti með tölvupósti. Annar fundur er svo fyrirhugaður í janúar 2020.

Golden Gift sjóðurinn var stofnaður 1979 í tilefni af 50 ára afmæli samtakanna. Hann hefur því miður ekki verið sjálfbær og nú er svo komið að nefndin hefur lagt til að námskeiðið verði stýtt nokkuð og þátttakendum fækkað til að draga saman seglin. Það fól í sér að á fundi nefndarinnar í janúar fór fram forgangsöröðun á því hvaða námskeið væru mikilvægust og hvar mætti skera niður í ljósi breyttra tíma. Þess má geta að af fimm nefndarkonum erum við þrjár sem vorum á námskeiðinu sumarið 2018 og höfum því nýlega reynslu til að meta bæði fræðslugildi og samveruna sem felst í því að taka þátt. Þá var einnig farið nokkuð yfir breyttar áherslur í

leiðtogafræðum síðustu ára og í ljósi þess telur nefndin rétt að leggja til að nafni námskeiðsins verði breytt þar sem orðið „management” er ekki lýsandi fyrir fræðsludagskrána.

Til að mæta öllu þessu mun næsta námskeið verða með breyttu sniði, dögum verður fækkað, og verður námskeiðið frá 19.-26.júlí 2020. Dagskránni verður þjappað meira saman, og þeir hlutar hennar sem snúast um að hlúa að sjálfum sér munu fara fram í kvölddagskrá. Umsóknarferlinu verður einnig breytt nokkuð, áhersla verður lögð á að hvetja konur til að sækja um á grundvelli þess hvernig þær sjá fyrir sér að geta nýtt leiðtogaþæfni sína til framtíðar, bæði innan samtaka og utan. Í því skyni verða konur beðnar um að senda inn stutt video þar sem þær segja frá verkefni þar sem þær hafa sinnt forystuhlutverki og svara video spurningu um hvernig þær sjá fyrir sér að þátttaka í námskeiðinu geti hjálpað þeim að ná framtíðar markmiðum sínum.

Nefndarkonur skiptu svo með sér verkum við að kynna þessar breyttu áherslur með því að skrifa blogg færslur sem birtar verða með reglulegu millibili á vef alþjóðasamtakanna og fékk ég það hlutverk að mæla fyrir tillögum að nýju nafni sem nefndin leggur til að verði „DKG, ignite” sem er að okkar mati meira lýsandi fyrir þá útkomu sem við viljum fá út úr námskeiðunum. Það er að konur sem hafa tekið þátt í þeim verði færar um að vekja neista með öðrum konum til að taka forystu. Okkur er öllum ljóst slíkar nafnabreytingar taka langan tíma og þær þarf að kynna vel og fá fyrir þeim almennt samþykki á þingi.

Umsóknarfrestur verður til 1. desember 2019 og hvet ég konur á Íslandi til að sækja um því það er mjög lærdómsríkt að vera þátttakandi í þessu námskeiði.

Jóna Benediktsdóttir, Iotadeild, landssambandsforseti 2017-2019.



### [Nomination Committee](#)

Haustið 2017 gaf ég kost á mér sem Evrópufulltrúi til setu í alþjóðlegu uppstillingarnefndinni (International Nomination Committee). Á alþjóðþinginu í Austin sumarið 2018 var framboðið samþykkt ásamt framboði fulltrúa frá hinum svæðunum fjórum en ekkert mótframboð kom fram á þinginu. Þessi nefnd er öðruvísi en aðrar nefndir samtakanna að því leyti að í hana er kosið til fjögurra ára í stað tveggja eins og venjan er. Ég mun því sitja í nefndinni til ársins 2022. Einnig hefur nefndin sérstöðu að því leyti að í henni sitja tveir fulltrúar frá hverju svæði í stað eins, líkt og venjan er með aðrar nefndir. Í henni sitja því tíu konur. Kerfið virkar þannig að á tveggja ára fresti ganga fimm konur úr nefndinni (þær sem setið hafa tvö tímabil) og aðrar fimm koma inn í þeirra stað. Hinn Evrópufulltrúinn í nefndinni núna er Marianne Skardéus frá Svíþjóð en hún gengur úr nefndinni haustið 2020 og einhver önnur kemur í hennar stað.

Hlutverk nefndarinnar er að tilnefna konur til að sitja í aðalembættum samtakanna, svo sem forseta og stjórn alþjóðasambandsins, fulltrúa svæða (regional directors), o.s.frv. Einnig tilnefnir þessi nefnd fulltrúa svæðanna í þær nefndir þar sem kosið er um þátttöku (elected committees).

Áherslur nefndarinnar eru þessar:

- Hvetja félagskonur til að taka að sér stjórnunarhlutverk
- Finna og eyða þeim hindrunum sem fæla konur frá því að gefa kost á sér til stjórnunarstarfa.
- Uppfæra og einfalda það efni sem félagskonur nýta við umsóknarferlið

Haustið er sá tími sem nefndin notar til fundarhalda og var fyrsti fundur nefndarinnar haldinn í Austin í október 2018. Aðalmarkmið fundarins var að setja okkur þessar nýju inn í starfið, yfirfara þau gögn sem nefndin þarf að birta, svo sem umsóknareyðublöðin um stöðurnar, svo dæmi sé tekið. Í mars var svo haldinn símafundur sem heppnaðist nú ekki nægilega vel, því tæknin var að stríða okkur og áttu nokkrar fundarkonur í erfiðleikum með að vera í sambandi og hljóðgæði voru afleit. Á milli funda erum við í tölvupóstsamskiptum þar sem við höfum meðal annars verið að henda á milli okkar hugmyndum að kynningu (workshop) sem nefndin verður með á alþjóðlegu ráðstefnunum í sumar. Við höfum einnig tekið þátt í að [halda úti bloggi](#) um málefni sem snerta nefndina.

Í október í haust verður svo næsti „life“ fundur nefndarinnar í Austin. Þá munu nefndarkonur bera saman bækur sínar og velja þær konur sem tilnefndar verða í embætti alþjóðasambandsins 2020-2022 en umsóknarfrestur um þau embætti rennur út í september. En áður en af þeim fundi verður þurfa nefndarkonur hver um sig að lesa allar umsóknir, vega þær og meta og reyna að komast að niðurstöðu um hvaða konur eru hæfastar til að gegna hverju embætti fyrir sig og hljóta tilnefningu sem svo verður kosið um á alþjóðáþinginu í Philadelphiu 2020. September og október verður því annasamur tími hjá nefndarkonum 😊.

Akureyri, 28. apríl 2019

Eygló Björnsdóttir



### International Speakers Found

International Speakers Fund (IFS) var stofnaður 1982 í tilefni 30 ára afmæli DKG sem alþjóðasamtaka.

Markmið sjóðsins er að veita landssamböndum tækifæri til að fá til sín fyrirlestra frá öðrum löndum og á sama hátt veita meðlimum DKG tækifæri til að halda fyrirlestra erlendis. Markmið sjóðsins er að styrkja tengslnet samtakanna og tengslanet kvenna sem vinna að fræðslumálum. Félagar DKG senda umsókn fyrir 15. september ár hvert til að komast inn á lista ISF, sem fyrirlesari og eru þar í tvö ár í einu. Landssambandsforsetar velja fyrirlesara af þessum lista og sækja um styrk til nefndarinnar. Umsóknareyðublað þar að lútandi er á vefnum frá 1. júlí til 15. september. Opið er fyrir umsóknir tvisvar á ári til 10. nóvember og 10. maí ár hvert.

Allar nefndarkonur sjóðsins sitja í stjórn alþjóðasamtakanna og hittast daginn fyrir stjórnarfund. Farið er yfir umsóknir þeirra sem sækjast eftir að komast á listann og síðan er farið yfir beiðnir um ISF fyrirlesara frá landssamböndum DKG. Vextir ISF sjóðsins eru notaðir til að greiða ferðakostnað fyrirlesarana.



í

nefndinni sitja: Connie Rensink Member-at-Large, formaður, Ingibjörg Jónasdóttir Europe Regional Director, Aurora Vignau De Zambrano Latin America Representative, Betty Rose Canada Area Representative ásamt Cathy Daugherty International President og Trish Woodley Membership Director Liaison, en þær sitja fundi ex officio án atkvæðisréttar.

Hvet ég konur eindregið til að skrá sig á lista IFS, miði er möguleiki.

Ingibjörg Jónasdóttir

Evrópuforseti 2018-2020



## European Forum

Skýrsla Evrópu Forum nefndarinnar árið 2019.

Í Evrópunefndinni (European Forum Committee) sitja fulltrúar frá þeim átta þátttökulöndum sem eru á Evrópusvæðinu. Löndin eru Ísland, Noregur, Eistland, Þýskaland, Finnland, Holland, Bretland og Svíþjóð. Einnig situr svæðisstjóri Evrópu fundina sem að þessu sinni er Ingibjörg Jónasdóttir frá Gammadeild.

Fyrsti fundur núverandi Evrópu Forum nefndarinnar var haldinn í Rastede í Þýskalandi í byrjun nóv 2018 en fundir í nefndinni eru haldnir einu sinni á ári. Sá Daniela Von Essen um móttöku hópsins og skipulagði fundaraðstöðu og annað nauðsynlegt vel og vandlega. Gist var ýmist í heimahúsum félagskvenna eða á hóteli. Fundurinn var haldinn í íþróttahúsi staðarins og bauð formaður nefndarinnar Elisabeth Starner frá Svíþjóð fundarkonur velkomnar og fór yfir dagskrá fundarins. Rætt var um tilnefningar til heiðursverðlaunanna The European Achievement Award og viðurkenninguna. Nauðsynlegt er að tilnefningar berist tímanlega til nefndarinnar, eigi síðar en 15. október hvert ár. Ákveðið að minna forseta landssamtakanna á það.

Evrópuráðstefnan í Reykjavík 2019 var til umræðu staðsetningar og tímasetningar. Rætt um fund Evrópunefndarinnar á ráðstefnunni sem haldinn verður laugardaginn 27. júlí. Í því samhengi rætt

um skipulag fundarins, ávörp, kynningar og heiðursverðlaunin. Auk þess var rætt um þá hugmynd að gera stuttmynd um sögu Evrópusvæðisins og byggja á efnifrú Marianne Skardéus. Vefsíða samtakanna var til umræðu og hvernig við getum gert hana virkari? Ákveðið að formaður nefndarinnar, svæðisstjóri og einn vefstjóri aðildarlandanna ( Terttu-Triin Eistland) vinni náið með Eygló Björnsdóttur vefstjóra að vefsíðunni. Þá var samþykkt að hvert aðildarland greiði 10-15 evrur árlega til uppfærslu vefsíðunnar.

Rætt var um EuForia vef tímaritið og ákveðið að kanna áhuga félagskvemma á tímaritinu og hvort viðhalda eigi útgáfu þess. Voru nefndarkonur á því að nota ætti tímaritið til frekari samskipta og upplýsinga á milli landa og gera það að virkari samskiptamiðli en það nú er.

Daniela sagði frá kennaraskiptaverkefni sem hófst með því að Lida frá Finnlandi heimsótti Danielu í þeim tilgangi að kynna skólakerfi þýskalands. Er Daniella tilbúin að vera tengill varðandi frekari kennaraskiptaverkefni innan DKG.

Þá var farið yfir starfsáætlunina Strategic Action Plan fyrir árin 2018-2020 og gerðar nokkrar breytingar. Farið yfir Operational Guidelines og gerðar endurbætur á þeim. Þá var rætt um næsta fund nefndarinnar sem verður í Tallinn í byrjun nóvember 2019.

Til að fylgja eftir samþykktum fundarins í Rastede hafa verið haldnir nokkrir skæpfundir, en frekari niðurstöður og ákvarðanir verða kynntar á fundi nefndarinnar á Evrópuráðstefnunni í Reykjavík í sumar.

Virðingarfyllst Helga Magnea Steinsson Zetadeild European Forum



Skýrsla Evrópuforseta



Kæru systur,

Sem Evrópuforseti 2018-2020 sit ég í alþjóðastjórn DKG. Alþjóðastjórnin fundar fjórum sinnum fyrra árið og þrisvar það seinna og fer ég á fjórða fund minn núna í maí. Einnig eru mikil tölvusamskipti og nokkrir veffundir. Það er afar lærdómsríkt ferli að kynnst því mikla starfi sem liggur að baki samtökum okkar sem telja 80 þúsund meðlimi og fróðlegt að kynnst bæði fyrirkomulaginu og hve konur eru tilbúnar að gefa af tíma sínum og vinnuframlagi.

Á fundum er farið yfir áætlanir, hugsanlegar laga og reglugerðabreytingar, ýmis framfaramál ígrunduð og er gleðilegt að sjá að það er mikill vilji til að horfa fram á við. Miklar breytingar urðu á alþjóðþinginu síðastliðið sumar og meðal annars var samþykkt að það megi breyta lögum á tveggja ára fresti í stað fjögurra og er það mikið framfaraskref á þessum tímum breytinga og hraða í umhverfi okkar.

Það hefur verið afar fróðlegt að heimsækja Evrópulöndin og upplifa þeirra landssambandsþing, en þetta fyrra ár mitt í embætti hefur að mestu mótast af undirbúningi Alþjóðaráðstefnunnar sem haldin verður í Reykjavík 25.-27. Júlí. Við búumst við 200 konum víðsvegar að. Í stýrihópi ráðstefnunnar er valin kona í hverju rúmi og er undirbúningur á lokametrinum við það sem hægt er að gera fyrir fram. Mörg erindi eru í boði ásamt fjölda vinnustofa, en efni ráðstefnunnar er Professional Research and Practices. Fjöldi systra okkar hafa lagt hönd á plóg til að gera þessa ráðstefnu sem best úr garði. Mun ráðstefnunni verða gerð betri skil annars staðar, en ég hvet ykkur til að mæta og upplifa alþjóðaráðstefnu DKG.

Í DKG eru konur sem starfa og hafa áhuga á fræðslumálum, eru tilbúnar að styrkja hver aðra bæði persónulega og faglega. Þær vilja leggja áherslu á að veita því athygli sem vel er gert og vinna saman að framgangi góðra mála. Ég er þakklát fyrir að fá tækifæri til að vinna að framgangi DKG samtakanna.

Bestu kveðjur til ykkar allra,

Ingibjörg Jónasdóttir

DKG Regional Director 2018-2020

